

Greinargerð setts ríkisendurskoðanda vegna eftirlits með framkvæmd samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. og endurskoðun ársreikninga félagsins.

Staða verkefnisins í lok maí 2018.

Júlí 2018



RÍKISENDURSKOÐUN

Brifartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

A F R I T

	Dagsetning	Tilvísun
Forseti Alþingis	27. júlí 2018	18040015
Steingrímur J. Sigfússon		1.08
Alþingi		Sb/mb
150 Reykjavík.		

Með bréfi forseta Alþingis dags. 19. september 2016 var undirritaður settur ríkisendurskoðandi til þess að annast endurskoðun og hafa tilgreint eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf., sbr. 4. mgr. 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðar breytingu.

Setning setts ríkisendurskoðanda gildir þar til verkefnum Lindarhvals lýkur eða skilyrði vanhæfis þáverandi ríkisendurskoðanda eru fallin brott. Með fundi þann 25. maí 2018 með aðallögfræðingi alþingis f.h. forseta Alþingis og nýskipuðum ríkisendurskoðanda var mér tilkynnt sú ákvörðun ríkisendurskoðanda að hann yfirtæki verkefnið þar sem skilyrði vanhæfis ríkisendurskoðanda væri fallið brott. Í framhaldi af þeirri ákvörðun var ákveðið að settur ríkisendurskoðandi myndi afhenda Ríkisendurskoðun verkefnið með greinargerð miðað við lok maímánaðar 2018.

Hjálagt fylgir greinargerð mín sem gerir grein fyrir vinnu minni og þeim þáttum sem ég taldi veigamikla í tengslum við endurskoðun á framkvæmd fullnustu og umsýslu stöðugleikaeigna sem slitabú afhentu Seðlabanka Íslands fh. ríkissjóðs skv. samningum þar um. Ber að hafa í huga við lestur greinargerðarinnar að verkefninu er ekki lokið. Ennfremur vegna vöntunar á upplýsingum við framkvæmd endurskoðunar eru í mörgum tilvikum ekki settar fram niðurstöður í einstökum málum vegna skorts á upplýsingum að mati mínu.

Hjálögð greinargerð, ásamt bréfi þessu, er send ríkisendurskoðanda ásamt öllum vinnugögnum. Ennfremur er eftirtöldum aðilum send greinargerðin: Fjármála- og efnahagsráðherra, Lindarhvoli ehf., Seðlabanka Íslands og Umboðsmanni Alþingis,

Að lokum óskar settur ríkisendurskoðandi við forseta Alþingis, að hann veiti honum lausn frá setningu sem settur ríkisendurskoðandi með formlegum hætti.

Sigurður Þórðarson,

settur ríkisendurskoðandi.

Greinargerð setts ríkisendurskoðanda vegna eftirlits með framkvæmd samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. og endurskoðun ársreikninga félagsins.

Staða verkefnisins í lok maí 2018.

Júlí 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	5
2. Áherslur Alþingis í tengslum við gerð samnings um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleika- eigna.....	7
• Gerð samnings um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna milli Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðuneytisins f.h. ríkissjóðs.	9
• Að verkefnið sé leyst í hæfilegri fjarlægð frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands.....	10
• Áætlun um að ná því að fullnusta verðmætin innan tiltekins tíma.....	11
• Gagnsæi, jafnræði og hlutlægni.	12
3. Starfsemi Lindarhvals ehf. skv. samningi við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 29. apríl 2016.....	13
• Stjórnskipulag Lindarhvals ehf.	15
• Stjórnarhættir Lindarhvals ehf.	16
• Áhersluatriði til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun við mat á framkvæmd reglna um umsýslu, fullnustu og sölu eigna.....	17
• Yfirtaka Lindarhvals ehf. á stöðugleikaeignum frá Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneyti.....	20
• Innheimtur stöðugleikaeigna og ráðstöfun þeirra fjármuna til árslok 2017	22
• Skýrslugjöf fjármála- og efnahagsráðherra til fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar.....	23
• Umsýsla vegna fjársópseigna og varasjóða sem skildir voru eftir hjá slitabúum sem hluti af stöðugleikaeignum.	23
• Öflun upplýsinga frá slitabúum vegna umsýslu og fullnustu þeirra vegna fjársópseigna og varasjóða í vörslu þeirra:	25
• Ósk Lindarhvals ehf. um að framselja tilteknar eignir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, B-deildar án opins tilboðsferlis.	27
• Krafa um skýrleika og gæði gagna til bókuar skv. lögum um bókhald.	30
• Samskipti Ríkisendurskoðunar og Lindarhvals ehf. vegna öflunar upplýsinga.	32
• Uppsögn samnings stjórnar Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðherra um umsýslu og fullnustu stöðugleikaeigna frá 29. apríl 2016.....	34
4. Aðkoma Seðlabanka Íslands að umhirðu móttækinnna stöðugleikaeigna og eftirlitshlutverk bankans með framsalseignum slitabúanna.	35

5. Sérstakar athuganir	41
• Sala eignarhluta í Klakka ehf.....	41
• Sala skráðra hlutabréfa.....	50
• Sala hlutabréfa í Vörukaupum ehf.....	64
6. Endurskoðun ársreikninga Lindarhvals ehf. fyrir árin 2016 og 2017.....	67

1. Inngangur.

Lög um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) sem samþykkt voru á Alþingi 17. mars 2016 kveða á um, að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með framkvæmd samnings sem gerður er milli fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og Lindarhvols ehf. um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu kemur eftirfarandi fram varðandi 1. gr., þar sem fjallað er um hlutverk Ríkisendurskoðunar:

„Þar sem byggt er á því að hvorki Seðlabankinn né ráðherra hafi afskipti af verkefnum félagsins samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með starfsemi félagsins og framkvæmd samnings milli ríkisins og félagsins, sem marka mun ramma utan um verkefni félagsins og verklag við þau.“

Í nefndarálitinu með breytingartillögu frá meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar frá 29. febrúar 2016 segir m.a.:

„Áfram er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með framkvæmd samningsins við félagið. Ríkisendurskoðun hefur auk þess sjálfstæðar heimildir til skoðunar á félaginu samkvæmt lögum um stofnunina.“

Með bréfi ríkisendurskoðanda, dags. 12. maí 2016, til Forseta Alþingis vekur ríkisendurskoðandi athygli á vanhæfi sínu til að annast endurskoðun á ársreikningi Lindarhvols ehf. og að hafa með höndum lögskipað eftirlit með starfsemi og framkvæmd á samningi Lindarhvols ehf. við fjármálaráðherra vegna formennsku bróður ríkisendurskoðanda í stjórn Lindarhvols ehf. Með bréfi, dags. 19. september 2016, skipaði Forseti Alþingis fyrrverandi ríkisendurskoðanda, Sigurð Þórðarson, settan ríkisendurskoðanda til að annast endurskoðun og hafa eftirlit með framkvæmd samnings skv. 1. gr. laga nr. 24/2016 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands. Setning setts ríkisendurskoðanda gildir þar til verkefnum Lindarhvols lýkur eða skilyrði fyrir vanhæfi ríkisendurskoðanda eru fallin brott.

Með kosningu Skúla Eggerts Þórðarsonar á Alþingi 16. apríl 2018 sem ríkisendurskoðanda í stað Sveins Arasonar, sem lét af störfum sem ríkisendurskoðandi þann 30. apríl 2018, voru skilyrði vanhæfis ríkisendurskoðanda fallin brott. Á fundi þann 25. maí 2018 sem aðallögfræðingur Alþingis, f.h. forseta Alþingis, nýskipaður ríkisendurskoðandi og settur ríkisendurskoðandi sátu var settum ríkisendurskoðanda kynnt sú ákvörðun ríkisendurskoðanda að hann yfirtæki verkefnið.

Í framhaldi af þeirri ákvörðun var ákveðið að settur ríkisendurskoðandi myndi afhenda Ríkisendurskoðun verkefnið með greinargerð miðað við málok 2018 og áformað var að hann lýki henni í lok júnímánaðar 2018. Ekki tókst að ljúka greinargerðinni fyrir en tæpum mánuði síðar.

Greinargerð sú sem hér birtist er eins og fram hefur komið skil setts ríkisendurskoðanda á vinnu þeirri sem hann hefur framkvæmt skv. skipunarbréfi forseta Alþingis. Greinargerðin inniheldur upplýsingar um þá þætti sem settur ríkisendurskoðandi taldi veigamikla í tengslum

við endurskoðun hans á framkvæmd fullnustu og umsýslu stöðugleikaeigna. Hafa ber í huga við lestur hennar að verkinu er ekki lokið og ennfremur þær athugasemdir sem fram koma í greinargerðinni er varða vöntun á upplýsingum við framkvæmd endurskoðunar. Af sömu ástæðu eru ekki settar fram niðurstöður einstakra mála þar sem upplýsingar skortir að mati setts ríkisendurskoðanda.

- Í kafla I er gerð grein fyrir hlutverki Ríkisendurskoðunar skv. lögum um stöðugleikaframlög nr. 36/2001 með síðari breytingum og tilefni aðkomu setts ríkisendurskoðanda að því verkefni. Því bar að skila í maílok 2018.
- Í kafla II greinargerðarinnar er gerð grein fyrir þeim breytingum sem frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) tók í meðförum Alþingis. Þar koma fram þau atriði sem af hálfu setts ríkisendurskoðanda voru tekin til skoðunar og hvernig framkvæmdavaldið brást við þeim áherslum Alþingis.
- Í kafla III er fjallað um samning fjármála- og efnahagsráðherra við stjórn Lindarhvals ehf. um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna. Þá um stjórnskipulag og stjórnhætti hjá Lindarhvoli ehf. ásamt fullnustu og umsýslu stöðugleikaeigna.
- Í kafla IV er gerð grein fyrir aðkomu Seðlabanka Íslands að samningi og móttöku stöðugleikaeigna frá slitabúum föllnu bankanna og umhirðu og eftirlitshlutverki bankans með þeim.
- Í kafla V er gerð grein fyrir sérstakri athugun á fullnustu tiltekinna stöðugleikaeigna.
- Í kafla VI er fjallað um fjárhagsendurskoðun ársreikninga Lindarhvals ehf.

2. Áherslur Alþingis í tengslum við gerð samnings um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) er í 1. gr. frumvarpsins lagt til að Seðlabankinn skuli stofna félag með þann tilgang að annast umsýslu, fullnustu og selja eftir því sem við á verðmæti sem ekki eru laust fé eða eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum. Þannig er félaginu til að mynda falið í samræmi við samning milli fjármála- og efnahagsráðherra og félagsins að fara með hluti ríkissjóðs í félögum, innheimta skuldabréf, hafa eftirlit með fjársópseignum og ráðstafa eignum. Það á m.a. við um hvernig og hverjum eignirnar verði seldar, á hvaða verði, hvort kröfu verði haldið uppi, mál verði höfðað um kröfuna eða krafan gefin eftir.

Í athugasemdum efnahags- og viðskiptanefndar við 1. mgr. frumvarpsins kemur m.a. fram.

„Stjórn félagsins skal skipuð af Seðlabankanum og skulu stjórnarmenn búa yfir tilhlýðilegri þekkingu. Stjórninni er fengin viðtæk heimild til þess að umbreyta móttæknum verðmætum í laust fé án þess að heimildar verði leitað í fjárlögum hverju sinni. Þannig er byggt á því að í málsgreininni felist fullnægjandi lagaheimild í skilningi 40. gr. stjórnarskrárinnar til þeirra aðgerða sem þar eru taldar. Þá er hvorki gert ráð fyrir að ráðherra né Seðlabankinn komi að einstökum ákvörðunum félagsins, þ.m.t. meðferð eða sölu eigna. Með þessu fyrirkomulagi er ætlunin að tryggja hlutlæga og faglega ákvarðanatöku. Þá er áréttað að jafnræðis og gagnsæis skuli gætt við sölu eigna þannig að allir líklegir kaupendur hafi jafna möguleika á því að gera tilboð. Einnig skal félagið tryggja að salan sé hagkvæm, þ.e. að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs á hverjum tíma.

Gert er ráð fyrir að ráðherra og félagið geri með sér sérstakan samning um verkefni og störf félagsins þar sem nánar er kveðið á um umboð þess varðandi umsýslu, fullnustu og sölu þeirra eigna sem fjallað er um. Ennfremur er byggt á því að í samningnum verði ítarlega fjallað um verklag við sölu á einstökum flokkum eigna, til að mynda hvernig gætt verði jafnræðis og hagkvæmni við sölu og meðferð verðmæta, auk umboðs til samningsgerðar fyrir hönd ríkissjóðs. Þannig verði áherslur ríkisins sem eiganda eignanna útfærðar nánar í samningnum. Þá er gert ráð fyrir að fjallað verði um sérstakt hæfi stjórnar- og starfsmanna til ákvarðanatöku í einstökum málum í samningnum og að sömu kröfur verði gerðar til hæfis og gerðar eru í II. kafla stjórnarsýslulaga. Ennfremur er lagt til að ráðherra verði veitt heimild til þess að veita loforð í samningnum um að stjórnar- og starfsmönnum félagsins verði haldið skaðlausum af athöfnum þeirra, enda fylgi þeir því verklagi sem mælt er fyrir um í ákvæðinu og í samningnum.

Þar sem byggt er á því að hvorki Seðlabankinn né ráðherra hafi afskipti af verkefnum félagsins samkvæmt frumvarpi þessu er lagt til að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með starfsemi félagsins og framkvæmd samnings milli ríkisins og félagsins, sem marka mun ramma utan um verkefni félagsins og verklag við þau. Þrátt fyrir að Ríkisendurskoðun hafi fullnægjandi heimildir samkvæmt lögum um stofnunina til slíks eftirlits er sá munur á að hér er beinlínis kveðið á um að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með þessum þætti. Það er hins vegar lagt í hendur stofnunarinnar að afmarka og móta hvernig hún hyggst sinna slíku eftirliti með hinum samningsbundnu verkefnum félagsins. Þar sem félagið mun hafa með

höndum upplýsingar sem varða viðskipta- og einkamálefni er mælt fyrir um þagnarskyldu þessara aðila. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.“

Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á máli þessu segir að í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi komið fram veigamikil rök fyrir því að félagið verði ekki á forræði Seðlabanka Íslands heldur heyri beint undir fjármála- og efnahagsráðuneytið sem fer með eignir ríkissjóðs. Nefndin telur að með því fyrirkomulagi séu verkefni leyst í hæfilegri fjarlægð frá ráðuneytinu en ráðherra skipi hins vegar í stjórn félagsins. Félagið falli undir eigandastefnu ríkisins auk þess sem ráðherra geri sérstakan samning um verkefni þess. Með þessu verði ábyrgð ráðherra skýrari á heildarframkvæmd verkefnisins, bæði varðandi eignarhald á félaginu og skipun í stjórn.

Þá var lagt til að Bankasýsla ríkisins færi með eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka hf. frekar en að hún færi með eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum.

Þá kom fram að ljóst væri að talsverður kostnaður gæti fallið til áður en eignir væru seldar, t.d. vegna ráðgjafar í tengslum við mat, auglýsingar og lögfræðipjónustu og þar fram eftir götunum. Með hliðsjón af þeim miklu hagsmunum sem vinna þarf úr er lagt til að félaginu verði lagt til talsvert stofnfé, eða 150 m.kr., til að mæta slíkum útgjöldum. Við slit félagsins renni eignir félagsins aftur í ríkissjóð.

Þá er lagt til að fjármála- og efnahagsráðherra skipi félaginu þriggja manna stjórn og tvo varamenn þannig að ávallt sé hægt að taka ákvarðanir með fullskipaðri stjórn ef upp koma t.d. vanhæfistilvik eða fjarvistir af öðrum ástæðum. Lögð var áhersla á að ráðherra áréttaði í samningi við félagið að stjórnendur þess og starfsmenn viðhefðu ávallt vönduð og fagleg vinnubrögð að þessu leyti við öll störf sín þar sem hér væri um að ræða opinberar eignir. Þá kemur fram að það skiptir miklu að allt ferli við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að ávallt liggi fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar. Einungis með því verði ferlið gagnsætt í samræmi við frumvarpstextann.

Bent var á að ef tvær leiðir stæðu til boða við ráðstöfun á eignum skyldi velja þá leið sem væri gagnsærri. Jafnræði verði náð með því að allir sem uppfylli málefnaleg skilyrði eigi kost á því að bjóða í einstakar eignir og að nauðsynlegar upplýsingar um söluferlið séu aðgengilegar fyrir alla mögulega bjóðendur. Varðandi hlutlægni þurfi rækilega að ganga úr skugga um að uppfylltar séu hæfiskröfur til þeirra sem fjalla um einstök mál. Einnig skiptir miklu að allt ferlið í störfum félagsins, t.d. verðmat eða mat á hæfi bjóðenda, byggist á hlutlægum viðmiðum.

Fram kemur að með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar. Markmiðið sé ávallt að hámarka verðmæti eignanna gagnvart ríkissjóði en einnig skal kappkostað að stilla kostnaði við rekstur félagsins og sölu eigna í hóf.

Áréttað var að ákvæði stjórnarsýslulaga og upplýsingalaga skyldu lögð til grundvallar starfsemi félagsins eftir því sem við ætti og mælt væri fyrir um í hlutaðeigandi lögum. Um þagnarskyldu gildir sama meginregla og gildir samkvæmt starfsmannalögum, þ.e. að stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk á vegum félagsins skuli gæta þagmælsku um atriði sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa sinna og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Þá var lagt til að nefndum þingsins yrðu veittar upplýsingar um framgang við úrvinnslu eignanna og að ráðherra fjármála- og efnahagsmála skyldi gera efnahags- og viðskiptanefnd og fjárlaganefnd Alþingis ársfjórðungslega grein fyrir framvindu við úrvinnslu eignanna á grundvelli áætlana og annarra upplýsinga frá félaginu. Áfram er gert ráð fyrir að Ríkisendurskoðun hafi eftirlit með framkvæmd samningsins við félagið. Ríkisendurskoðun hefur auk þess sjálfstæðar heimildir til skoðunar á félaginu samkvæmt lögum um stofnunina.

Eftir 2. umræðu málsins á Alþingi komu fram þau sjónarmið að setja þyrfti fastan tímaramma um starfsemi félagsins sem stofnað verður til að annast umsýslu, fullnustu og sölu eigna sem eru hluti af stöðugleikaeignum slitabúa fallinna fjármálafyrirtækja. Við umfjöllun um málið í efnahags- og viðskiptanefnd kom m.a. fram að ráðuneyti fjármála- og efnahagsmála áætlaði að félagið næði að fullnusta 80% verðmæta innan 18 mánaða. Einnig kom fram að í drögum að samningi ráðuneytisins við áformað félag væri miðað við að samningurinn gildi til 31. desember 2018. Lagt var til að störfum félagsins yrði lokið og félaginu slitið fyrir 31. desember 2018.

Eftirfarandi atriði voru m.a. tekin til athugunar og skoðunar:

- Gerð samnings um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna milli Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðuneytisins f.h. ríkissjóðs.

Eins og getið er um hér að framan voru gerðar þær breytingar á frumvarpinu um stöðugleikaframlög að í stað þess að stofna félag í umsjón Seðlabanka Íslands var fjármála- og efnahagsráðherra heimilt að stofna félag og skipa því stjórn. Með þeirri skipan fengist hæfileg armlengd frá ríkinu og þannig komið í veg fyrir að ráðuneytið kæmi að sérhverri ákvörðun félagsins.

Með bréfi setts ríkisendurskoðanda, dags. 17. janúar 2018, til fjármála- og efnahagsráðuneytisins var óskað eftir upplýsingum um með hvaða hætti ráðuneytið hefði komið að undirbúningi og gerð samnings og þeirra innri starfsreglna sem samþykktar voru á fyrsta fundi stjórnar Lindarhvals ehf. Ennfremur hvort ráðuneytið hefði hlutast til um ráðningu Steinars Þórs Guðgeirssonar hrl. til að gera drög að samningi um umsýslu og fullnustu stöðugleikaeigna sem lagður var fram í drögum á fyrirnefndum fundi stjórnar Lindarhvals ehf.

Ráðuneytið svaraði með bréfi, dags. 29. janúar 2018, og kom þar m.a. fram:

„Samningur um umsýslu, og fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna sem vísað er til í 2. tl. fyrirspurnarinnar var að fullu unninn af hálfu fjármála- og efnahagsráðuneytisins í tengslum við meðferð málsins á Alþingi. Drögin sættu ítarlegri umfjöllun í nefndinni samhliða frumvarpinu og lagði ráðuneytið til ákveðnar efnisbreytingar á samningnum í samræmi við þær umræður og umfjöllun sem fór fram í nefndinni. Samningsdrögin sem lögð voru fram og kynnt á fyrsta stjórnarfundum Lindarhvals ehf. voru að fullu unnin af starfsmönnum fjármála- og efnahagsráðuneytisins.“

Þau gögn sem vísað er til í 3. tl. fyrirspurnar yðar varðandi fyrirhugaða starfshætti félagsins voru upphaflega lögð fram að tilstuðlan Seðlabankans þá þegar gert var ráð fyrir að bankinn færi með eignarhald félagsins. Þessi gögn voru byggð á þeim reglum sem unnið hafði verið eftir við umsýslu eigna á vegum félaga í eigu Seðlabanka Íslands. Gögnin höfðu á fyrri stigum máls þessa sætt itarlegri umfjöllun, rýni og breytingum af hálfu fulltrúa ráðuneytisins við meðferð málsins. Þau gögn sem lögð voru fram á fyrsta stjórnarfundi Lindarhvals ehf., sem stofnað var í framhaldi af samþykki á framangreindum lögum, voru því að fullu og öllu unnin í samráði við ráðuneytið.“

Þá kemur eftirfarandi fram í fyrirnefndu svarbréfi ráðuneytisins varðandi aðkomu Steinars Þórs Guðgeirssonar að gerð samningsdraga um umsýslu og fullnustu stöðugleikaframlaga sem lögð voru fram á fyrsta fundi stjórnar Lindarhvals ehf.:

“Af hálfu ráðuneytisins verður að ætla að sú ákvörðun stjórnarinnar að veita umræddum aðilum (formanni og einum meðstjórnanda að ræða við Steinar um daglegan rekstur félagsins) heimild til slíkra viðræðna hafi byggst á því mati stjórnar að Steinar Þór Guðgeirsson væri ákjósanlegur kostur enda hafði hann unnið umtalsvert að máli þessu í aðdraganda þess og hafði þegar fengið umboð fjármála- og efnahagsráðuneytisins til að móttaka umræddar eignir í janúar sama ár. Þá er til þess að líta að Steinar Þór hafði yfir að ráða umfangsmikilli reynslu af sambærilegum störfum hjá Seðlabanka Íslands sem hann hafði leyst farsælega að mati stjórnar ESÍ, hann þekkti öðrum betur efni samninga um afhendingu stöðugleikaframlaga, og telja verður að hann hafi haft yfir að ráða yfirburðaþekkingu á þeim eignasöfnum sem um ræddi.“

- Að verkefnið sé leyst í hæfilegri fjarlægð frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Seðlabanka Íslands.

Í meðförum efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands varðandi meðferð stöðugleikaframlaga var eftirfarandi breyting gerð á frumvarpinu við aðra umræðu. Í ræðu formanns nefndarinnar kom eftirfarandi m.a. fram:

„Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á máli þessu og í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið leggur meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar til þá breytingu að í stað þess að Seðlabanki stofni og starfræki félag til að sýsla með verðmætin verði fjármálaráðherra heimilt að stofna félag og skipa því stjórn. Með því af hafa umsýsluna í sérstöku félagi fæst hæfileg armslengd frá ríkinu í stað þess að ráðuneytið komi að sérhverri ákvörðun félagsins.“

Armslengd á að tryggja að aðilar séu sjálfstæðir og óháðir hver öðrum á jafnræðisgrundvelli.

Í stjórn félagsins voru skipaðir skrifstofustjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands og lektor við Háskóla Íslands.

- Áætlun um að ná því að fullnusta verðmætin innan tiltekins tíma.

Við aðra umræðu frumvarpsins á Alþingi kom fram það sjónarmið að setja ætti félaginu tímamörk. Í því sambandi var nefnt að töluverð hættu væri á því að hvatinn til að ljúka verkinu, þó að sagt væri að það skyldi gerast eins fljótt og hægt er, væri ekki nægjanlegur þegar upp væri staðið. Gert er ráð fyrir því að hæstv. ráðherra setji einhver tímamörk í samninga við félagið. Óskað var eftir að frumvarpið yrði tekið aftur inn til hv. efnahags- og viðskiptanefndar milli 2. og 3. umræðu.

Efnahags- og viðskiptanefnd fjallaði um málið og við þá umfjöllun kom m.a. fram að ráðuneyti fjármála- og efnahagsmála áætlaði að félagið næði að fullnusta 80% verðmæta innan 18 mánaða. Einnig kom fram að í drögum að samningi ráðuneytisins við áformað félag væri miðað við að samningurinn gildi til 31. desember 2018. Þá var bent á að félagið þyrfti nægan tíma til að koma eignum í verð í samræmi við markmið frumvarpsins.

Í 2. gr. samnings um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna segir m.a. eftirfarandi:

„Áherslur ríkissjóðs í tengslum við umsýslu, fullnustu og sölu félagsins á stöðugleikaeignum er að hámarka verðmæti eignanna f.h. ríkissjóðs. Félagið skal flýta sölu eigna og endurheimtum krafna eins og kostur er, án þess þó að það komi niður á hámarkun verðmæta.“

Áætlun Lindarhvals ehf. í upphafi starfstíma félagsins um fullnustu móttækinna stöðugleikaeigna gerði ráð fyrir að rúmlega 86% (án hlutabréfa í Íslandsbanka og skuldabréfs v/Arion banka) eignanna verði búið að selja á átta mánuðum eða í árslok 2016. Eftirstöðvum að mestu umbreytt í lausafé á fyrri hluta árs 2017 fyrir utan varasjóði slitabúanna.

Gildistími fyrrnefnds samnings var frá undirritun til ársloka 2018, samtals 32 mánuðir. Í byrjun febrúar 2018 urðu aðilar hins vegar sammála um að segja samningnum upp þar sem stórum hluta af verkefnum félagsins væri lokið. Á þeim 21 mánuði sem Lindarhvoll ehf. starfaði hafi því það markmið að fullnusta 80% verðmæta samningsins innan 18 mánaða náðst.

Samkvæmt yfirliti frá Lindarhvoli ehf. um stöðugleikaeignir, sem stæðu eftir við undirritun framangreinds samnings milli aðila var fjöldi þeirra 51, þar af 42 í umsjón Lögmannsstofu Íslaga ehf. sem ólokið er að fullnusta og kröfuvirði þeirra metið á 60,5 ma.kr. í ársbyrjun 2018. Af þeirri fjárhæð eru 54,5 ma.kr. vegna veðskuldabréfs Kauppings og afkomuskiptasamnings v/Arion banka. Þessu til viðbótar er ekki lokið við uppgjör allra varasjóða sem eru í vörslu slitabúa en í samningi Seðlabanka Íslands við þau er gert ráð fyrir, að uppgjóri varasjóða verði lokið eigi síðar en í árslok 2018.

- Gagnsæi, jafnræði og hlutlægni.

Við 2. umræðu frumvarpsins á Alþingi kom fram í framsögu formanns meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar að meirihlutinn legði áherslu á að ráðherra áréttaði í samningi við félagið að stjórnendur þess og starfsmenn viðhefðu ávallt vönduð og fagleg vinnubrögð við öll sín störf, þar sem hér væri um opinberar eignir að ræða. Að mati meirihlutans skiptir miklu að allt ferlið við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að ávallt liggi fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar. Einungis með því verði ferlið gagnsætt í samræmi við frumvarpstextann. Meirihlutinn telur að ef tvær leiðir standi til boða við ráðstöfun á eignum skuli velja þá leið sem er gagnsærri. Jafnræði verði náð með því að allir sem uppfylli málefnaleg skilyrði eigi kost á því að bjóða í einstakar eignir og að nauðsynlegar upplýsingar um söluferlið séu aðgengilegar fyrir alla mögulega bjóðendur. Varðandi hlutlægni þurfi að ganga rækilega úr skugga um að uppfylltar séu hæfiskröfur til þeirra sem fjalla um einstök mál. Einnig skiptir miklu að allt ferlið í störfum félagsins, t.d. verðmat eða mat á hæfi bjóðenda byggist á hlutlægum viðmiðum.

Í 2. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals. ehf. er kveðið á um:

- að jafnræði skuli tryggja með því að skilyrði við sölu eða ráðstöfun séu fá, skýr og öllum ljós. Allir sem uppfylla málefnaleg skilyrði skuli eiga kost á því að bjóða í einstakar eignir og tryggja skal að nauðsynlegar upplýsingar um söluferlið séu aðgengilegar fyrir alla mögulega bjóðendur.
- að gagnsæi skuli tryggja með því að allt ferli við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að ávallt liggi fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar. Standi tvær eða fleiri leiðir til boða varðandi sölu eða ráðstöfun á eignum skal kappkosta að velja þá leið sem er gagnsærri.
- að hlutlægni skuli m.a. tryggja með því að gengið sé rækilega úr skugga um að uppfylltar séu hæfisreglur til þeirra sem fjalla um einstök mál og að allt ferlið í störfum félagsins, t.d. verðmöt eða mat á hæfi bjóðenda, byggist á hlutlægum viðmiðum og sjónarmiðum.

3. Starfsemi Lindarhvals ehf. skv. samningi við fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 29. apríl 2016.

Þann 29. apríl 2016 undirrituðu þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra Bjarni Benediktsson f.h. ríkissjóðs Íslands og Þórhallur Arason og Haukur C. Benediktsson f.h. Lindarhvals ehf. samning um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna sem Seðlabanki Íslands tók á móti í tengslum við gerð nauðasamninga, sbr. 2. másl. 1. mgr. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III við lög nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum. Samningurinn gildi frá undirritun til 31. desember 2018.

Samningur fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna er mjög skýr og þar kemur vel fram hverjar helstu áherslur ríkissjóðs sem eiganda stöðugleikaframlagseigna eru en þar segir m.a.:

„Stjórn og starfsmenn félagsins skulu vinna að markmiðum samnings þessa af fagmennsku, hlutlægni og samkvæmt góðum viðskiptaháttum. Þar sem starfsemi félagsins mun snúast um umsýslu, sölu og ráðstöfun á eignum ríkisins er áhersla lögð á að félagið kappkosti að viðhafðir séu góðir stjórnarsýslu- og stjórnhættir í störfum þess og ávallt séu viðhöfð vönduð og fagleg vinnubrögð.“

- Áherslur ríkissjóðs í tengslum við umsýslu, fullnustu og sölu félagsins á stöðugleikaeignum eru að **hámarka verðmæti eignanna f.h. ríkissjóðs. Félagið skal flýta sölu eigna og endurheimtum krafna eins og kostur er, án þess þó að það komi niður á hámarkun verðmæta.**
- Við umsýslu, fullnustu og sölu eignanna skal leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. **Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar.** Mat á því hvað telst vera hæsta verð í þessu sambandi miðast ávallt við staðgreiðsluverð. Markmið félagsins er að hámarka verðmæti eignanna gagnvart ríkissjóði og lágmarka eins og kostur er kostnað við umsýslu eignanna.
- Félagið undirbýr sölu eignanna eða aðra ráðstöfun þeirra, leitar tilboða, metur tilboð, hefur umsjón með samningaviðræðum við væntanlega kaupendur og annast samningagerð. **Sala eða önnur ráðstöfun eigna skal eiga sér stað að undangengnu opnu tilboðsferli þar sem gætt er gagnsæis og jafnræðis bjóðenda.**
- **Jafnræði skal tryggja með því að skilyrði við sölu eða ráðstöfun séu fá, skýr og öllum ljós.** Allir sem uppfylla málefnaleg skilyrði skulu eiga kost á því að bjóða í einstakar eignir og tryggja skal að nauðsynlegar upplýsingar um söluferlið séu aðgengilegar fyrir alla mögulega bjóðendur.
- Gagnsæi skal tryggja með því að allt ferli við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að **ávallt liggir fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar.** Standi tvær eða fleiri leiðir til boða varðandi sölu eða ráðstöfun á eignum skal kappkosta að velja þá leið sem er gagnsærri.

- Félagið skal taka hæsta gilda tilboði í hverri sölu enda sé það yfir því lágmarksverði sem félagið hefur sett sér fyrirfram. Ef þörf krefur getur félagið leitað til viðurkenndra, óháðra sérfræðinga eða ráðgjafa við verðmat tiltekinna eigna eða við samanburð og mat á tilboðum. Félagið tekur ákvörðun um hvort tilboð skuli samþykkt eða þeim hafnað og undirritar samninga fyrir hönd ríkissjóðs um sölu eignanna.

Fjármála- og efnahagsráðherra stofnaði fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands einkahlutafélagið Lindarhvol ehf. Stofnfundur Lindarhvols ehf. var haldinn þann 15. apríl 2016. Fundinn sóttu fyrir hönd stofnanda, Ríkissjóðs Íslands, Þórhallur Arason og Hafsteinn S. Hafsteinsson starfsmenn Fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Stofnskrá Lindarhvols ehf. kveður á um að heimili félagsins sé að Arnarhvoli við Lindargötu, 101 Reykjavík. Á stofnfundi Lindarhvols ehf. þann 15. apríl 2016 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn félagsins. Aðalmenn: Þórhallur Arason, Haukur C. Benediktsson og Áslaug Árnadóttir. Varamenn: Esther Finnbogadóttir og Sigurbjörn Einarsson. Áslaug Árnadóttir baðst nánast strax lausnar frá stjórnarsetu og var Ása Ólafsdóttir skipuð í hennar stað. Þórhallur Arason var skipaður formaður á fyrsta fundi stjórnar.

Á stofnfundi Lindarhvols ehf. voru samþykktir félagsins jafnframt samþykktar af tveimur stjórnarmönnum þeim Þórhalli Arasyni og Hauki C. Benediktssyni.

Hlutafé félagsins var ákveðið 30 m.kr. sem skiptist í einnar krónu hluti eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Allt hlutaféð var þegar greitt. Samkvæmt hinum nýsamþykktu lögum var ráðherra heimilt að leggja Lindarhvoli ehf. til allt að 150 m.kr. hlutafé.

Fyrsti stjórnarfundur Lindarhvols ehf. var haldinn 28. apríl 2016. Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum til kynningar og/eða samþykktar:

1. „Project Lindarhvoll“ ásamt fylgigögnum.
2. Samningur um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna.
3. Gögn varðandi fyrirhugaða starfshætti félagsins (samþykktir á fundinum):
 - a) Starfsreglur stjórnar.
 - b) Reglur um umsýslu, fullnustu og sölu eigna.
 - c) Reglur og viðmið vegna lánamála.
 - d) Siðareglur.

Ofangreindar reglur um starfshætti félagsins snúa fyrst og fremst að stjórn félagsins vegna framkvæmdar á samningi fjármála- og efnahagsráðherra um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna frá apríl 2016. Einnig taka reglur Lindarhvols ehf. til framkvæmdar á verkamningi milli Lindarhvols ehf. og Lögmannsstofunnar Íslaga ehf., þar sem Lindarhvoll ehf. sem verkbeiðandi er kaupandi að þjónustu af Íslögum ehf. sem verksala á sviði framkvæmdastjórnar og lögfræðiþjónustu.


Auk kjörinna stjórnarmanna sat Steinar Þ. Guðgeirsson hrl., eigandi Lögmannsstofunnar Íslaga ehf., fyrsta stjórnarfund Lindarhvols ehf. Steinar hafði verið ráðgjafi Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins við undirbúning að stofnun Lindarhvols ehf. Steinar var

skipaður ritari fundarins, jafnframt hafði hann framsögu og kynnti stjórn félagsins ofangreind gögn, þ.m.t. samning um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna og reglur um starfshætti félagsins. Þá var Steinar þegar kominn með prókúruumboð fyrir bankareikning Lindarhvals ehf. í Landsbankanum.

Þau atriði sem hér eru til skoðunar eru eftirfarandi:

- Stjórnskipulag Lindarhvals ehf.

Á öðrum stjórnarfundum félagsins 4. maí 2016 var samþykkt stjórnskipulag fyrir félagið ásamt skipuriti þess og helstu verkefni einstakra sviða og deilda.



Í fundargerð stjórnar segir að Steinar Þór Guðgeirsson hafi farið yfir fyrirbyggjandi stjórnskipulag félagsins ásamt skipuriti þess og helstu verkefni einstakra sviða og deilda félagsins.

Á sama stjórnarfundum var samþykkt að ganga til samninga við Steinar Þ. Guðgeirsson hrl. um verksamning en fyrir fundinum lágu drög að verksamningi milli aðila til þriggja mánaða. Verksamningurinn var undirritaður af stjórn Lindarhvals ehf. og Steinari Þ. Guðgeirssyni hrl., f.h. Lögmannsstofunnar Íslaga ehf., þann 28. apríl 2016. Verksamningurinn kveður á um, að Lögmannsstofan Íslög ehf. annast þjónustu á sviði framkvæmdastjórnar og lögfræðipjónustu í tengslum við verkefni Lindarhvals ehf. jafnframt því að annast umsýslu, fullnustu og sölu, eftir því sem við á, á eignum ríkissjóðs, mótteknum skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

Samkomulag við Fjársýslu ríkisins var undirritað 19. maí 2016 af Steinari Þ. Guðgeirssyni f. h. Lindarhvols ehf. en kom til samþykktar og umfjöllunar hjá stjórn félagsins á stjórnarfundum félagsins þann 26. maí 2016. Stjórn Lindarhvols ehf. samþykkti fyrirbyggjandi samkomulag við Fjársýslu ríkisins varðandi bókhaldsþjónustu fyrir félagið. Samkomulagið felur í sér að Fjársýsla ríkisins annist eftirfarandi verkefni:

1. Færslu á bókhaldi eftir aðsendum fylgiskjölum.
2. Mánaðarlega afstemmingu bankareiknings.
3. Mánaðarlegt uppgjör.
4. Ársuppgjör og samskipti við endurskoðanda.

Ekki verður séð hvaða tilgangi ofangreint stjórnskipulag á að þjóna. Allt bókhald, daglegur rekstur og lögfræðileg málefni voru öll útvistuð af hálfu félagsins. Þá er rétt að benda á að enginn starfsmaður hefur starfað hjá félaginu.

Á árinu 2016 voru 16 stjórnarfundir haldnir á tímabilinu 28. apríl 2016 til ársloka. Árið 2017 voru haldnir 20 stjórnarfundir og árið 2018 voru haldnir 5 stjórnarfundir. Síðasti bókaði fundur stjórnar Lindarhvols ehf. var haldinn 6. febrúar 2018. Á starfstíma Lindarhvols ehf. voru formlegir stjórnarfundir því samtals 41.

- Stjórnarhættir Lindarhvols ehf.

Lögmannsstofan Íslög ehf. er til húsa að Túngötu 6, 101 Reykjavík og voru stjórnarfundir Lindarhvols ehf. að jafnaði haldnir þar. Utanumhald og skjalavarsla á stöðugleikaeignum svo og fjárvarsla vegna reksturs Lindarhvols ehf. fór fram á skrifstofu Íslaga ehf. Bókhald og ársreikningagerð Lindarhvols ehf. er í höndum Fjársýslu ríkisins ásamt bókhaldi og fjárvörslu stöðugleikaeigna.

Fyrir utan daglega framkvæmdastjórn og lögfræðilega ráðgjöf sinnti Steinar eftirfarandi viðfangsefnum fyrir Lindarhvol ehf., Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanka Íslands:

1. Skipaður í stjórn 4ra félaga á vegum Lindarhvols ehf.
2. Skipaður af stjórn Lindarhvols ehf. sem samskiptaaðili við Arion banka í tengslum við sölu bankans.
3. Skipaður af Seðlabanka Íslands, Fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Lindarhvoli ehf. sem eftirlitsmaður með umsýslu slitabúanna vegna fjársópseigna og varasjóða í umsjón þeirra.
4. Stjórnarmaður í 11 félögum í slitameðferð sem voru hluti af stöðugleikaeignum slitabúanna.
5. Ritari stjórnar Lindarhvols ehf.
6. Fundarstjóri og ritari á aðalfundi Lindarhvols ehf. árið 2017 og 2018.
7. Lögmannsstofan Íslög hf. hafði umsjón í umboði stjórnar Lindarhvols ehf. með sölu á tilteknum stöðugleikaeignum.

Þrátt fyrir að viðkomandi aðili hafi búið yfir mikilli þekkingu og reynslu sem tengdust því verkefni sem hér er til skoðunar er það mat Ríkisendurskoðunar, að þessi skipan hafi ekki tekið

nægjanlegt tillit til krafna um aðskilnað starfa, ábyrgðar og innra eftirlits sem hefði átt að vera til staðar við framkvæmd verkefnisins. Eru þá fyrst og fremst hafðir í huga þeir miklu hagsmunir sem liggja undir og tengjast þessu viðfangsefni. Þess má geta að enginn starfsmaður var ráðinn til Lindarhvals ehf. til að sinna m.a. úrvinnslu gagna, upplýsingagjöf, skjalavistun o.fl. Framangreind verkefni voru í umsjón stafsmanna Lögmannsstofunnar Íslaga ehf.

Á öðrum stjórnarfundum Lindarhvals ehf. voru eftirtaldar reglur samþykktar af stjórn:

- a) Starfsreglur stjórnar. (70 töluliðir)
- b) Reglur um umsýslu, fullnustu og sölu eigna. (30 töluliðir)
- c) Reglur og viðmið vegna lánamála. (19 töluliðir)
- d) Siðareglur. (15 töluliðir)

Ofangreindar reglur voru mjög umfangsmiklar en þær innihéldu samtals 134 skráða töluliði. Innan þeirra marka sem regluverkið skapaði þurfti stjórn Lindarhvals ehf. að starfa og fara eftir við afgreiðslu mála til þess að regluverkið þjónaði tilgangi sínum. Ljóst má vera að þetta mikla regluverk kallar bæði á innra skráningar- og eftirlitskerfi, þannig að þeir aðilar sem koma að ákvörðunum og framkvæmd tiltekinna mála geti gefið sér tíma og rými til að uppfylla þær kröfur sem reglurnar setja.

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að um starfsemi eins og Lindarhvoll ehf. hafði með höndum séu settar skýrar reglur og viðmið. Það er hins vegar mat Ríkisendurskoðunar að heppilegra hefði verið að umfang regluverksins hefði verið minna og þá sniðið sérstaklega að starfsemi Lindarhvals ehf. Þannig hefði verið auðveldara að framfylgja og hafa eftirlit með regluverkinu og það þannig orðið virkt við ákvörðunartöku hjá félaginu.

- [Áhersluatriði til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun við mat á framkvæmd reglna um umsýslu, fullnustu og sölu eigna.](#)

Með bréfi setts ríkisendurskoðanda, dags. 24. október 2016, var Lindarhvoli ehf. kynnt sú ákvörðun, að við mat á framkvæmd reglna um umsýslu, fullnustu og sölu eigna yrðu eftirtalin atriði einkum höfð til hliðsjónar við það mat og eftirlit:

Ákvæði 3. greinar reglna um umsýslu o.fl.

- 3.2 Gera skal úttekt á eignum þegar í stað og skal meta með hvaða hætti skuli undirbúa þær í sölumeðferð.
- 3.4 Sala eða önnur ráðstöfun eigna skal eiga sér stað að undangengnu opnu tilboðsferli, þar sem gætt skal gagnsæis og jafnræðis bjóðenda.
- 3.7 Sé það metið svo að tilteknum eignum verði með engu móti ráðstafað að undangengnu opnu tilboðsferli, t.d. vegna þess að slíkt sölufarli er talið óframkvæmanlegt vegna eðlis eignanna skal leggja tillögu þess efnis fyrir stjórn félagsins. Er stjórn félagsins heimilt að víkja frá þessari meginreglu, enda sé það gert á formlegan hátt á grundvelli skriflegs rökstuðnings og að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

- 3.9 Fasteignir sem til meðferðar eru hjá félaginu skulu settar í sölumeðferð hjá tveimur eða fleiri löggildum fasteignasölum um leið og ríkissjóður hefur öðlast full umráð eignarinnar og eignin hefur verið rýmd ásamt því að gerðar hafa verið viðeigandi ráðstafanir til að koma eign í söluhæft ástand til að hámarka söluverðmæti eignarinnar. Sýning eigna er alfarið á ábyrgð fasteignasala og ber honum að auglýsa eignina á þekktum fasteignavef.
- 3.11 Við ákvörðun á ásettu verði fasteignar við sölumeðferð hennar skal framkvæmdastjóri með hliðsjón af mati að lágmarki tveggja fasteignasala, leggja fyrir stjórn til endanlegrar ákvörðunar hvert ásett verð hennar eigi að vera.

Ákvæði 4. greinar reglna um umsýslu o.fl.

- 4.1 Tryggja skal hagkvæmi við sölu eigna. Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar. Mat á því hvað telst vera hæsta verð miðast við staðgreiðsluverð.
- 4.2 Þegar eign hefur verið sett í sölumeðferð samkvæmt reglum þessum skulu tilboðin lögð fyrir stjórn til endanlegrar samþykktar eða synjunar í samræmi við starfsreglur stjórnar og á grundvelli samnings um umsýslu, fullnustu og sölu eigna á milli fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs og félagsins.

Ákvæði 5. greinar reglna um umsýslu o.fl.

- 5.1 Stjórnarmönnum eða starfsmönnum er óheimilt að kaupa eignir sem eru til sölumeðferðar hjá félaginu.
- 5.2 Meginreglan er sú samkvæmt reglum þessum að almennt eru aðrar eignir ekki teknar upp í sem hluti greiðslu kaupverðs. Meti félagið að nauðsynlegt sé að taka aðra eign upp í sem hluta greiðslu til að hámarka verðmæti eignarinnar skal sú beiðni lögð fram til samþykktar í stjórn félagsins.
- 5.3 Óheimilt er að veita veðleyfi nema það sé skilyrt með þeim hætti að allt andvirði láns sem kaupandi tekur vegna veðleyfisins renni óskipt til greiðslu á kaupverði. Fullnægi hið skilyrta veðleyfi fyrrnefndum skilyrðum er framkvæmdastjóra heimilt að veita slíkt veðleyfi hverju sinni.
- 5.4 Heimilt að leigja út eignir og skal þá leitast við að fá markaðsleigu fyrir viðkomandi eign.

Með bréfi, dags. 17. nóvember 2016, svaraði Steinar Þór Guðgeirsson, hrl. fyrir hönd stjórnar Lindarhvals ehf. fyrrnefndu bréfi þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

1. Leitað var eftir upplýsingum hvaða verklag af hálfu félagsins er viðhaft við mat á lágmarksverði sem félagið hefur sett sér fyrirfram við sölu eigna. Svar félagsins var að mismunandi verklag væri viðhaft eftir eðli þeirra eigna sem settar er í sölu á hverjum tíma á grundvelli samþykktra reglna. Upphafsviðmið við lágmarksverð er ávallt bókfært virði einstakra eigna. Ástæða þess verklags er að bókfært virði einstakra eigna byggði á mati þeirra slitabúa sem framseldu tilteknar eignir og gera verður ráð fyrir að slitabúin hafi búið yfir sérþekkingu á verðmati þeirra eigna og verðmat þeirra notað í reikningum viðkomandi slitabúa undanfarin 8 ár. Verklag félagsins er síðan með þeim hætti að stjórn félagsins, sem er

lögum samkvæmt skipuð einstaklingum sem hafa sérfræðipækkingu á starfsemi og eignum í umsýslu félagsins, metur sjálfstætt á grundvelli sérfræðipækkingar sinnar lágmarksverð einstakra eigna og eru stjórnarmenn óháðir við slíkt verðmat. Leggja verður sérstaka áherslu á að við lagasetningu á breytingu á bráðabirgðaákvæði við lög Seðlabanka Íslands var lögð áhersla á að stjórn félagsins yrði skipuð sérfræðingum á því sviði sem snýr að stöðugleikaeignum og var það gert með hliðsjón af ábyrgð og verksviði stjórnar félagsins. Þá er upplýst að félagið hafi leitað sér aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga og ráðgjafa við verðmat tiltekinna eigna.

1. Þá er bent á að reglur félagsins um umsýslu, fullnustu og sölu eigna byggja á þeirri grundvallarforsendu að allar eignir fari í opið sölufarli. Leggja skuli áherslu á hagkvæmni, með því að leitað skuli hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar í opnu sölufarli og vísan til þess liggur fyrir að með sölu í opnu sölufarli er tryggt að markaðsverð fái fyrir tilteknar eignir á hverju tíma.
2. Við ofangreint mat hefur stjórn Lindarhvols einnig til hliðsjónar það skýra markmið sem kemur fram í samningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðuneytið að félagið skuli flýta sölu eigna og endurheimt krafna eins og kostur er með vísan til eðlis stöðugleikaeignanna.
3. Leitað var eftir hvaða verklag væri viðhaft við mat einstakra stjórnarmanna og starfsmanna er varðar vanhæfi til meðferðar mála. Ef upp hafa komið álitamál er varðar vanhæfi er óskað eftir yfirliti. Svar félagsins var að verklagið er með þeim hætti að stjórnarmenn (enginn starfsmaður er hjá félaginu) fylla út samkvæmt starfsreglum stjórnar séstakt skjal varðandi þá aðila sem tengdir eru stjórnarmönnum og getur varðað vanhæfi þeirra í tilteknum málum. Hver og einn stjórnarmaður metur síðan hvort möguleiki sé á vanhæfi hans í einstökum málum. Þá kemur fram að ekki hafi komið upp álitamál er varðar vanhæfi einstakra stjórnarmanna.

Þá kemur fram að Lindarhvoll ehf. hafi yfirfarið þau ákvæði sem nefnd eru hér að framan og lögð verði áhersla á við mat á framkvæmd reglna um umsýslu, fullnustu og sölu eignar til hliðsjónar af hálfu setts ríkisendurskoðanda. Félagið muni héðan í frá, sem hingað til, gæta þess að tilgreindum ákvæðum sé í hvívetna fylgt við mat á framkvæmd þeirra.

Stjórn Lindarhvols ehf. hefur sett sér reglur til að fara eftir við ákvörðun um sölu eigna og hafa hliðsjón af og gæta þess að tilgreindum ákvæðum sé í hvívetna fylgt við sölu eigna. Í fundargerðum stjórnar þar sem til ákvörðunar voru sölur eigna var bókað efnislega á þann veg að í samræmi við reglur félagsins um sölu eigna þá fór stjórn Lindarhvols ehf. ítarlega yfir hvert og eitt tilboð sem barst innan tilboðsfrests. Stjórnin lagði mat á að framlögð tilboð með hliðsjón af öllum þáttum þeirra og á grundvelli þeirra atriða sem reglur félagsins gera ráð fyrir við slíkt mat.

Á stjórnarfundum Lindarhvols ehf. sem haldinn var þann 18. október 2016 og stóð yfir í 1 klst. og 15 mín. var farið yfir kauptilboð í fjórar stöðugleikaeignir. Tilboðsgjafar voru samtals átta talsins í þrjár eignir. Ekkert tilboð barst í eina eignina. Í fundargerð kom fram, að stjórnin hefði farið ítarlega yfir öll tilboðin skv. reglum félagsins. Á fundinum var samþykkt að ganga til samninga við hæstbjóðendur í tvær eignir en fresta afgreiðslu þriðja málsins til næsta fundar.

Ríkisendurskoðun hefur hvorki farið heildstætt yfir það með hvaða hætti stjórn félagsins lagði mat á tilboðin m.t.t. ákvæða einstakra reglna né hvaða viðmið notuð voru til samanburðar á tilboðum enda ekki haft gögn undir höndum sem gætu lýst því verklagi.

- Yfirtaka Lindarhvols ehf. á stöðugleikaeignum frá Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Á tímabilinu nóvember 2015 til og með janúar 2016 athentu slitabúin Seðlabanka Íslands stöðugleikaeignir skv. samningi milli bankans og einstakra slitabúa. Mat Seðlabankans á verðmæti framlagseigna skv. riti bankans, Fjármálastöðugleiki 2016/1, nam 386,1 ma.kr. (Meðtaldar framlagseignir BYR og ALMC). Samningur fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. um umsýslu félagsins á stöðugleikaeignum slitabúanna tók gildi 29. apríl 2016. Fram að þeim tíma var Steinari Þ. Guðgeirssyni hrl. veitt umboð með sérstakri ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands til að fara með hlutverk bankans við að sýsla um verðmætin. Um ótakmarkað umboð var að ræða.

Stöðugleikaeignir (án varasjóða)

Fjárhæðir í ma.kr.	LBI	Glitnir	Kaupþing	Samtals	ALMC	BYR	Alls
Slitabúin ársreikningar 2015/2016	22,4	227,9	130,2	380,5	5,4	1,1	387,0
Lindarhvoll ehf.	16,1	224,8	124,5	365,4	5,4	1,7	372,5
Seðlabanki Íslands	25,0	232,0	122,0	379,0	5,4	1,7	386,1

(í töflunni hér að ofan eru EUR yfirfærðar á gengi 141,0 ISK þann 31/12 2015 og 120,0 ISK þann 31/12 2016)

Við yfirtöku Lindarhvols ehf. á stöðugleikaeignum fór fram endurmat fjármála- og efnahagsráðuneytisins og lögmanns Lindarhvols ehf. á virði eignanna og nam það þá samtals 372,5 ma.kr. Því til viðbótar komu 11,8 ma.kr. vegna varasjóða eða samtals 384,3 ma.kr. Þar sem erfitt reyndist að sannreyna matið út frá þeim upplýsingum sem lágu fyrir ákvað Ríkisendurskoðun að skoða ársreikninga slitabúanna fyrir árin 2015 og 2016. Niðurstaða þeirrar athugunar sýndi að í ársreikningum slitabúanna var virði stöðugleikaeigna án varasjóða 387,0 ma.kr., til viðbótar varasjóðir að fjárhæð 26,1 ma.kr. eða alls 413,1 ma.kr.

Með bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 2. nóvember 2017, til Seðlabanka Íslands var m.a. óskað eftir mati bankans á virði stöðugleikaframlaga skv. samningi slitabúanna við bankann. Seðlabankinn svaraði með bréfi, dags. 27. nóvember 2017, sem var svohljóðandi:

„Mat á virði stöðugleikaframlaga.

Stöðugleikaframlög eru metin á grundvelli bókfærðs virðis eins og slitabú bókfærðu eignir sínar þegar beiðnir um undanþágur frá fjármagnshöftum bárust Seðlabankanum á grundvelli stöðugleikaskilyrða. Virðismat stöðugleikaframlagsins skipti hins vegar ekki höfuðmáli enda var hvorki stöðugleikaskattur né stöðugleikaskilyrði tekjuöflunarleið stjórnvalda, heldur var tilgangurinn að vega á móti neikvæðum áhrifum vegna innlendra eigna sem yrðu greiddar til erlendra aðila á greiðslujöfnuð. Þannig stóðu stöðugleikaframlög ekki aðeins saman af innlendum eignum sem bókfærðar voru með jákvætt fjárhagslegt virði, heldur einnig eignum

sem voru metnar með ekkert fjárhagslegt virði. Með því móti var áhættunni af neikvæðum áhrifum á greiðslujöfnuð rutt úr vegi.“

Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að sameiginlegt virðismat stöðugleikaeigna við yfirtöku Seðlabankans frá slitabúum hefði legið fyrir þrátt fyrir að Seðlabankinn telji það ekki aðalatriði málsins. Í því sambandi er rétt að benda á, að síðar fór fram endurmat af hálfu fulltrúa Seðlabankans og Fjármála- og efnahagsráðuneytisins á virði stöðugleikaeigna, sem leiddi til nýrrar niðurstöðu við afhendingu stöðugleikaeignanna til Lindarhvols ehf. Niðurstaða endurmatsins var bæði notuð til bókuunar í ríkisreikningi og sem viðmið við ákvörðun á söliverði/lágmarksverði í fjölmörgum tilvikum við fullnustu á eignum og við mat á árangri af samningi ráðherra og Lindarhvols ehf.

- Innheimtur stöðugleikaeigna og ráðstöfun þeirra fjármuna til árslok 2017

Greiðsluhreyfingar frá yfirtöku stöðugleikaeigna til ársloka 2017 námu 153,3 ma.kr., því til viðbótar koma svo greiðslur vegna arðgreiðslna og vaxta, 42,8 ma.kr., eða samtals 196,1 ma.kr.

Samandregið yfirlit yfir innheimtu stöðugleikaeigna og ráðstöfun þeirra til ársloka 2017

Fjárhæðir í m.kr.	Eignir	Kröfuvirði	Frávik
TEKJUR			
Stöðuleikaeignir	104.248,3	95.938,3	8.310,0
Kauping skuldabréf v/Arion banka	49.037,6	49.000,0	37,6
Samtals stöðugleikaeignir	153.285,9	144.938,3	8.347,6
Fjármagnstekjur, - gjöld og arðgreiðslur	42.767,6		
Hreinar tekjur af stöðugleikaeignum	196.053,5		
GJÖLD			
Rekstrarkostnaður	-130,9	-150,0	
Til ráðstöfunar	195.922,6		
Ráðstafað til ríkissjóðs	195.317,4		
Efnahagur	605,2		
Samtals ráðstöfum	195.922,6		

Áætlað virði stöðuleikaeigna við yfirtöku Lindarhvals ehf. gerði ráð fyrir að 95,9 ma.kr. myndu innheimtast vegna stöðugleikaeigna og til viðbótar vegna viðskiptabankanna 288,3 ma.kr. Í lok ársins 2017 höfðu innheimst vegna stöðugleikaeigna 104,2 ma.kr. sem er 8,3 ma.kr. hærri fjárhæð eða tæp 9% umfram áætlun. Greiddir hafa verið af skuldabréfi vegna Kaupþings 49,0 ma.kr. af alls 288,3 ma.kr. eða 17%. Arðgreiðslur og hreinar fjármagnstekjur námu 42,8 ma.kr. en ekki var áætlað fyrir þeim.

Greiddur rekstrarkostnaður Lindarhvals ehf. til ársloka 2017 nam 130,9 m.kr. sem eru 87% af þeim 150 m.kr. sem fjallað var um þegar Alþingi hafði til umfjöllunar væntanlegan kostnað vegna umsýslu og fullnustu stöðugleikaeigna.

Af þeim 195,9 ma.kr. sem til ráðstöfunar voru runnu 195,3 ma.kr. til ríkissjóðs og 605,2 m.kr. var innstæða á bankareikningi hjá Seðlabanka Íslands í árslok 2017.

- Skýrslugjöf fjármála- og efnahagsráðherra til fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar.

Í 6. gr. samnings Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðherra, Samningur um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna“ segir:

„Félagið gefur fjármála- og efnahagsráðherra skýrslu um framgang umsýslunnar, stöðu eigna og áætlaða ráðstöfun á tímabilinu, sbr. 2. gr. samnings þessa eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.“

Á tímabilinu sendi fjármála- og efnahagsráðherra frá sér alls 6 skýrslur um framgang fullnustu og umsýslu stöðugleikaframlagseigna sem unnar voru af ráðuneytinu í framhaldi af greinargerðum stjórnar Lindarhvals ehf. vegna viðkomandi tímabils.

Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemdir við skýrslugjöf ráðherra til Alþingis en bendir hins vegar á að hvorki í yfirlitum yfir yfirfærslu stöðugleikaeigna frá Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneyti til Lindarhvals ehf. né í skýrslum ráðherra til Alþingis er getið um tilvist varasjóða sem skildir hafi verið eftir hjá slitabúunum til að mæta rekstrarkostnaði þeirra.

- Umsýsla vegna fjársópseigna og varasjóða sem skildir voru eftir hjá slitabúum sem hluti af stöðugleikaeignum.

Samningar Seðlabanka Íslands við slitabúin gera ráð fyrir að stofnaðir séu svonefndir varasjóðir, annars vegar til að tryggja efndir á ágreiningskröfum sem eru hluti af stöðugleikaeignum ríkissjóðs og til að mæta greiðslum á mögulegum kröfum í íslenskum krónum. Ennfremur til greiðslu innlends kostnaðar á árinu 2015 til ársloka 2018.

Í 5. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra við Lindarhvol ehf. er kveðið á um að félagið hafi eftirlit og umsjón með þeim fjársópseignum sem verða áfram í vörslu og umsýslu slitabúanna. Samningar slitabúanna við Seðlabanka Íslands gera ráð fyrir að tiltekna stöðugleikaeignir sem voru í vinnslu hjá slitabúunum vegna mála sem voru óuppgerð skyldu vera áfram í vörslu þeirra. Samtals var ráðstafað til þessara viðfangsefna 11,8 ma.kr. Því til viðbótar voru lagðir til hliðar 14,3 ma.kr. til að mæta rekstrarkostnaði slitabúanna frá gildistöku samninganna til ársloka 2018. Því til viðbótar gerir samningur við Kaupþing ehf. ráð fyrir að greiddur sé rekstrarkostnaður fyrir tímabilið 1. júlí 2015 til áramóta 2015/2016 að fjárhæð 1,5 ma.kr. Hún er ekki meðtalin í töflu hér á eftir. Samtals voru því lagðir til hliðar 27,6 ma.kr. Þá gerðu samningar ráð fyrir að endanlegt uppgjör sjóðanna yrði eigi síðar en í árslok 2018.

Ársreikningar 2015. Varasjóðir skildir eftir hjá slitabúum af stöðugleikaeignum
(Leiðrétt vegna Glitnis hf. um 16,1 ma.kr. sem flutt var janúar 2016 sem framlagseign)

Fjárhæðir í ma. kr.	LBI	Glitnir	Kaupþing	ALMC	BYR	Samtals
Vegna rekstrar	3,1	5,6	5,0		0,6	14,3
Vegna skaðleysis	0,0	0,6			0,2	0,8
Vegna ágreinings- og skattamála	6,0	3,5	1,5			11,0
Samtals varasjóðir í ma.kr.	9,1	9,7	6,5	0,0	0,8	26,1

Fjársópseignir.

Samkvæmt yfirliti Lindarhvals ehf. um einstakar stöðugleikaeignir var virði fjársópseigna áætlað 4,9 ma.kr. Innheimtu í erlendri mynt vegna fjársópseigna var ráðstafað til slitabúanna samkvæmt samningi. Til ársloka 2017 höfðu slitabúin skilað samtals 13,3 ma.kr. sem er 8,4 ma.kr. umfram áætlun. Frávikin skýrast fyrst og fremst af hærri skattendurgreiðslum og vegna fjársópseigna sem áætlaðar höfðu verið á núlli en skiluðu umtalsverðum fjármunum.

Kröfuvirði fjársópseigna og innheimta þeirra í árslok 2017

Fjárhæðir í m.kr.	Þrotabú	Lán	Skattar	Afleiður	Annað	Samtals	Innheimt
Glitnir hf.	0	45	432	1.607	80	2.164	3.728
Kaupþing ehf.	100	0	2.060		0	2.160	9.072
LBI hf.	360			205		565	467
ALMC						0	10
Byr						0	0
Samtals í m.kr.	460	45	2.492	1.812	80	4.889	13.277

Rekstrarsjóðir.

Í samningum Seðlabanka Íslands við slitabúin er varðar rekstrarsjóði er kveðið á um að árlega skuli gera grein fyrir afkomu þeirra sem vottuð eru af endurskoðendum skv. kafla II. 1.a. í undanþágubréfi Seðlabanka Íslands sem endurskoðandi LBI ehf. vísar til. Ríkisendurskoðun hefur ekki haft aðgang að undanþágubréfi bankans þrátt fyrir beiðni, sbr. bréf Ríkisendurskoðunar frá 2. nóvember og 19. desember 2017. Seðlabanki Íslands ber fyrir sig þagnarskyldu með vísan til laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

Óskað hefur verið eftir við slitabú LBI ehf., Glitnis ehf. og Kaupþings ehf. að þau upplýstu Ríkisendurskoðun um ráðstöfun á varasjóðum í vörslu þeirra. Svör tveggja slitabúa voru á þann veg að samkvæmt samningi við Seðlabanka Íslands væru þau bundin af því að veita ekki upplýsingar til annarra en mótaðila nema til kæmi beiðni frá Seðlabanka Íslands. Það var ekki

fyrir en með bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 11. apríl 2018, sem bankinn féllst á að aflétta fyrir sitt leyti þeim trúnaði sem kveðið er á um í framsalssamningnum milli Seðlabankans og slitabúanna. Aðeins eitt slitabú hefur svarað að hluta beiðnum Ríkisendurskoðunar um upplýsingar en vísar síðan á Seðlabanka Íslands og Fjármála- og efnahagsráðuneytið varðandi afhendingu á tilteknum upplýsingum.

Þau gögn sem Lindarhvoll ehf. hefur afhent Ríkisendurskoðun og varða vottun endurskoðenda slitabúanna eru þessi: Fyrir LBI ehf. tímabilið 1. janúar 2016 til 31. ágúst 2016. Ráðningarbréf endurskoðunarfélagsins vegna verkefnisins, dags. 7. september 2017. Staðfestingarbréf endurskoðanda Glitnis ehf. sem nær til fjórða ársfjórðungs 2016, dags. 28. mars 2017. Frá Kaupþingi ehf., staðfest yfirlit af löggiltum endurskoðanda yfir ráðstöfun varasjóða fyrir árið 2017, þ.m.t. rekstrarsjóðs, dags. 18. janúar 2018.

Í árslok 2017 og í byrjun árs 2018 var uppgjörum tveggja varasjóða lokið:

1. Uppgjör varasjóðs LBI ehf. vegna ágreinings- og skattamála frá 8. mars 2017 sýnir að af þeim 6,0 ma.kr. sem teknir voru til hliðar af stöðugleikaeignum voru eftirstöðvar varasjóðsins, 3,9 ma.kr., greiddar til ríkissjóðs.
2. Uppgjör rekstrarsjóðs Glitnis ehf. er frá 1. febrúar 2018. Af þeim 5,6 ma.kr. sem skv. ársreikningi slitabúsins árið 2015 voru teknir til hliðar vegna rekstrar hafa 2,2 ma.kr. verið endurgreiddir. Þannig nam innlendir rekstrarkostnaður greiddur af stöðugleikaeignum um 3,2 ma.kr. Því til viðbótar voru rúmar 200 mkr. skildar eftir hjá slitabúinu til að fullnusta þrjár stöðugleikaeignir.

- Öflun upplýsinga frá slitabúum vegna umsýslu og fullnustu þeirra vegna fjársópseigna og varasjóða í vörslu þeirra:

Í bréfi Kaupþings ehf., dags. 3. október 2017, óskaði Ríkisendurskoðun eftir fundi með Kaupþingi ehf. í tengslum við athugun embættisins á framkvæmd samnings milli Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðherra um umsýslu og fullnustu stöðugleikaeigna. Í svarbréfi Kaupþings ehf., dags. 3. október 2017, segir m.a.:

„Samkvæmt ákvæðum framsalssamningsins hefur Seðlabankinn áheyrnarfulltrúa („observer“) í tengslum við þær eignir sem enn eru í umsjá Kaupþings. Þá hefur Seðlabankinn jafnframt tiltekinn tengilið skv. 15. gr. framsalssamningsins í tengslum við framkvæmd hans og ber Kaupþingi að beina öllum fyrirspurnum og tilkynningum til hans. Í báðum tilvikum hefur Seðlabankinn tilnefnt Steinar Þór Guðgeirsson hrl. til að gæta hagsmuna hans skv. framangreindu. Þá hefur Steinar Þór Guðgeirsson hrl. jafnframt komið fram f.h. Ríkissjóðs Íslands gagnvart Kaupþingi varðandi framkvæmd framsalssamningsins.“

Í lok bréfsins segir að í ljósi framangreinds telji Kaupþing ehf. sig ekki hafa heimild til að upplýsa endurskoðendur Lindarhvals ehf. um efni framsalssamningsins og telur rétt að fyrirspurnum um efni hans og framkvæmd sé beint til viðeigandi aðila.

Með bréfi, dags. 24. október 2017, óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að Glitnir ehf. upplýsti tiltekið mál, sem tengdist fullnustu stöðugleikaframlagseigna. Með bréfi, dags. 1. nóvember 2017, svaraði slitabúið fyrrnefndu bréfi en þar kemur fram m.a. eftirfarandi:

„Að endingu telur Glitnir rétt að benda á að skylda Glitnis til greiðslu stöðugleikaframlags byggir á samningi Glitnis, GLB Holding ehf. og Seðlabanka Íslands frá 10. desember 2015 um framsal tiltekinna eigna og réttinda (e. Assignment Agreement). Félagið Lindarhvoll ehf. var stofnað 15. apríl 2016 og er tilgangur þess að annast umsýslu, og fullnustu og sölu, eftir því sem við á, á eignum ríkissjóðs, mótteknum skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands.

Upplýsingaskylda Glitnis nær því til Seðlabanka Íslands og eftir atvikum til nefnds félags, Lindarhvals ehf. Í samræmi við ofangreindan samning frá 10. desember 2015 hefur Glitnir eftir bestu vitund uppfyllt ákvæði samningsins með reglulegum upplýsingum/skýrsluskilum til Seðlabanka Íslands.“

Með bréfi, dags. 4. desember 2017, til Glitnis ehf. var óskað eftir tilteknum upplýsingum. Í svari slitabúsins, dags. 18. desember 2017, við fyrrnefndri beiðni segir svo:

„Glitnir telur sig ekki hafa heimild til að veita öðrum en mótaðila sínum í samningum (Assignment Agreement, dags. 10. desember 2015), þ.e. Seðlabanka Íslands þær upplýsingar sem Ríkisendurskoðun hefur óskað eftir.

Glitnir mun því einungis veita þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir ef slík beiðni kemur frá Seðlabanka Íslands eða að Ríkisendurskoðun framvísi skriflegri beiðni frá Seðlabanka Íslands þar um“

Þann 26. apríl 2018 sendi Ríkisendurskoðun Glitni ehf. bréf þar sem óskað var eftir tilteknum upplýsingum sem settar voru fram í fimm töluliðum. Eftir að Seðlabanki Íslands aflétti trúnaði svaraði Glitnir ehf. fyrrnefndu erindi Ríkisendurskoðunar með bréfi, dags. 4. júní 2018. Í svarbréfi Glitnis ehf. var fjórum töluliðum af fimm vísað til Seðlabanka Íslands, þar sem bankinn hefði samkvæmt framsalssamningi upplýsingar til að svara beiðni Ríkisendurskoðunar, sbr. bréf Seðlabanka Íslands, dags. 11. apríl 2018.

Með bréfi, dags. 25. apríl 2018, fór Ríkisendurskoðun þess á leit við LBI ehf. að upplýsti yrði um tiltekin atriði sem tengjast umsýslu og fullnustu varasjóða og fjársópseigna í vörslu slitabúsins. Svar hefur ekki borist þegar þetta er ritað.

- Ósk Lindarhvols ehf. um að framselja tiltekna eignir til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, B-deildar án opins tilboðsferlis.

Í 2. gr. samnings um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. kemur m.a. fram:

„Meti félagið það svo að tilteknum stöðugleikaeignum verði með engu móti ráðstafað að undangengnu opnu tilboðsferli, t.d. vegna þess að slíkt sölufjerli er talið óframkvæmanlegt vegna eðlis eignanna, s.s. að um sé að ræða kröfur á nafngreinda einstaklinga, er stjórn félagsins heimilt að víkja frá þessari meginreglu, enda sé það gert á formlegan hátt á grundvelli skriflegs rökstuðnings til stjórnar, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.“

Með bréfi merkt „Trúnaðarmál“, dags. 25. október 2017, óskaði stjórn Lindarhvols ehf. eftir umsögn Ríkisendurskoðunar vegna ráðstöfunar á tilteknum stöðugleikaeignum m.v.t. samnings Lindarhvols ehf. við fjármála- og efnahagsráðherra og jafnframt til 3.7 gr. reglna Lindarhvols ehf. um umsýslu, sölu og fullnustu eigna.

Í nefndu bréfi kemur fram það mat stjórnar Lindarhvols ehf.,

„að tiltekna lánaeignir sem enn eru í umsýslu félagsins ásamt hlutafé í tveimur óskráðum hlutafélögum séu ekki til þess fallnar að selja í opnu sölufjerli með sama hætti og aðrar stöðugleikaeignir í umsýslu félagsins hafa verið seldar á undanförunum mánuðum heldur skuli þeim ráðstafað til greiðslu á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs vegna ábyrgðar á skuldbindingum B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.“

Þá kemur jafnframt fram að „fyrirgreind afstaða félagsins byggir á þeirri forsendu að ríkissjóður fái hagstætt verð fyrir stöðugleikaeignirnar við slíka ráðstöfun og tryggt verði að aukist verðmæti þeirra frá ráðstöfun þeirra og þar til þær verði innleystar, njóti ríkissjóður þess gegn lækkun á lífeyrisskuldbindingum gagnvart B-deild LSR.“

Með bréfi, dags. 7. nóvember 2017, óskaði Ríkisendurskoðun eftir því, að áður en hún gæfi umsögn sína, legði Lindarhvoll ehf. fram tiltekin gögn og upplýsingar og vísaði þá til þeirra skilyrða sem ákvæði samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. frá 29. apríl 2016 kveða á um. Ríkisendurskoðun barst svar stjórnar Lindarhvols ehf. með bréfi, dags. 8. nóvember 2017, án þess að nokkur gögn fylgdu með. Þá barst bréf frá stjórn Lindarhvols ehf., dags. 18. desember 2017, vegna sama erindis og var hvatt til þess að lausn fengist í ofangreint málefni sem fyrst. Með bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 23. desember 2017, er enn óskað eftir upplýsingum til þess að Ríkisendurskoðun geti gefið umsögn sína. Í því bréfi telur Ríkisendurskoðun mikilvægt í þessu sambandi, að gætt sé sérstaklega að ákvæði í samningi Lindarhvols ehf. við fjármála- og efnahagsráðherra en í 2. gr. segir m.a.:

„Gagnsæi skal tryggja með því að allt ferli við sölu og ráðstöfun félagsins á eignum sé skýrt og ljóst og að ávallt liggja fyrir á hverju einstakar ákvarðanir séu byggðar. Standi tvær eða fleiri leiðir til boða varðandi sölu eða ráðstöfun á eignum skal kappkosta að velja þá leið sem er gagnsærri.“

Það næsta sem gerist í þessu máli er að í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir árið 2017 sem lagt var fram á Alþingi 20. desember 2017 er í 3. gr. heimild fyrir fjármála- og efnahagsráðherra til að ganga til samninga við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um afhendingu á stöðugleikaeignum

sem Lindarhvol ehf. hefur haft til umsýslu og ekki teljast heppilegar til sölu á almennum markaði, gegn lækkun á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs við B-deild sjóðsins.

Í nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar við 2. umræðu 22. desember 2017 segir m.a.:

„Það er álit meirihluta nefndarinnar að sú tilfærsla sé í samræmi við upphafleg markmið og að hagsmunum LSR sé ekki ógnað. Umræddar eignir falla vel að eignasafni LSR, bæði hlutafé og útistandandi lán. LSR hefur yfirfarið eignirnar og lagt mat á þær með tilliti til heildareignasafns sjóðsins og hvort þær rúmast innan fjárfestingarstefnu hans. Að mati stjórnar Lindarhvols er hvorki heppilegt né þjónar það hagsmunum ríkisins að selja þær eignir eins og er. Það þýðir þó ekki að þær séu ósöluvænar með öllu.“

Verðmat stöðugleikaeigna flutt til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins B-deildar

Fjárhæðir í m.kr.	1 Stöðugleika- eign	2 Fjármálar. og LSR	3 Ársreikn. LSR 2017	Mismunur Kröfuv./fjárm. (2 – 1)	Mismunur Fjárm./ársreikn. (3 – 2)
Eign 1	162,0	120,0	86,0	-42,0	-34,0
Eign 2	4,0	4,0	8,0	0,0	4,0
Eign 3	496,0	900,0	304,0	404,0	-596,0
Eign 4	6.941,0	8.000,0	8.892,0	1.059,0	892,0
Eign 5	284,0	300,0	181,0	16,0	-119,0
Eign 6	1.117,0	2.706,0	3.384,0	1.589,0	678,0
Eign 7	481,0	350,0	79,0	-131,0	-271,0
Eign 8	19,0	20,0	0,0	1,0	-20,0
Eign 9	795,0	1.200,0	1.480,0	405,0	280,0
Eign 10	157,0	100,0	64,0	-57,0	-36,0
Eign 11	3.194,0	3.000,0	3.174,0	-194,0	174,0
Eign 12	2.368,0	2.300,0	1.348,0	-68,0	-952,0
Mismunur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Samtals í m.kr.	16.018,0	19.000,0	19.000,0	2.982,0	0,0

Virði þeirra stöðugleikaeigna sem stjórn Lindarhvols ehf. leitaði eftir að Ríkisendurskoðun staðfesti að myndu falla undir ákvæði 2. gr. samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. námu 16,0 ma.kr. við móttöku eignanna frá slítabúunum. Samkvæmt bréfi Fjármála- og efnahagsráðuneytis (ódagsett) sem undirritað er af framkvæmdastjóra LSR og starfsmanni fjármála- og efnahagsráðuneytisins er virði eignanna í árslok 2017 metið á 19,0 ma.kr. eða 3,0 ma.kr. hærri fjárhæð. Í ársreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins 2017 eru yfirteknar eignir í heild sinni metnar á 19,0 ma.kr. Við gerð ársreiknings sjóðsins er enn

framkvæmt nýtt mat á einstökum yfirteknum eignum. Við það endurmat hafa 5 eignir verið hækkaðar samtals um 2,0 ma.kr. en á móti 6 eignir lækkaðar um samtals 1,0 ma.kr. Tólfta eignin er lækkuð um mismuninn sem nam 952,0 m.kr. Þannig verður niðurstaðan áfram 19.0 ma.kr. Í fundargerðum stjórnar Lindarhvals ehf. kemur fram að tólfta eignin sé í skilum skv. skilmálum.

Með tölvupósti, dags. 4. janúar 2018, frá ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytis til setts ríkisendurskoðanda er vísað til þeirrar samþykktar Alþingis Íslendinga við afgreiðslu fjárukalaga fyrir árið 2017 að heimila fjármála- og efnahagsráðherra að ganga til samninga við LSR um að taka títtnefndar stöðugleikaeignir til umsýslu og fullnustu. Í nefndum tölvupósti segir m.a. eftirfarandi:

„Ástæður þess að óskað var þessarar heimildar Alþingis eru einfaldlega þær að hér er um verulegar fjárhæðir að ræða og verðmæti þeirra eigna sem um ræðir er háð óvissu, auk þess sem að með þessari ráðstöfun er verið að nýta stöðugleikaeignir til að mæta ófjármögnuðum lífeyrisskuldbindingum en ekki til að greiða niður almennar skuldir ríkisins.

Nú er það svo að það er fjármála- og efnahagsráðherra sem er aðili þess samnings sem gerður verður samkvæmt framangreindri heimild og ráðstöfunin sem slík, þótt hún sé m.a. gerð að tillögu Lindarhvals, er á ábyrgð ráðherra. Það er Lindarhvoll sem ákveður eða framkvæmir þessa ráðstöfun.

Í ljósi þess sem við höfum rætt, og þeirra sjónarmiða sem áður hafa fram komið um að umsagnar setts ríkisendurskoðanda um ráðstöfunina væri þörf, vil ég bera undir þig hvort þú sért ósammála því að sérstök umsögn sé ekki nauðsynleg, enda liggja nú fyrir sérstök heimild í lögum og með skírskotun til þess að endurskoðun á fjárhagsráðstöfunum sem ráðherra ber ábyrgð á fari fram með hefðbundnum hætti en falli ekki undir verkefni setts ríkisendurskoðanda með málefnum Lindarhvals.“

Settur ríkisendurskoðandi svaraði sama dag með tölvupósti þar sem hann gerir ekki athugasemdir við þá túlkun ráðuneytisstjórans að verkefni hans nái aðeins til starfsemi sem fellur undir félagið Lindarhvoll ehf.

- [Krafa um skýrleika og gæði gagna til bókunar skv. lögum um bókhald.](#)

Í 8. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald með síðari breytingum segir:

„Sérhver færsla í bókhaldi skal byggð á áreiðanlegum og fullnægjandi gögnum sem rekja má til viðskiptanna. Ytri sem innri gögn skulu fela í sér upplýsingar sem nægja til réttmætrar skráningar í bókhaldið.

Með ytri frumgögnum er átt við gögn frá þeim sem viðskipti eru gerð við, svo sem reikning, afreikning, greiðsluseðil, giróseðil, greiðslukvittun, samning, myndrit, skeyti eða önnur jafngild frumgögn. Þessi gögn skulu bera með sér, eftir því sem við á, auðkenni útgefanda og viðtakanda og aðrar þær upplýsingar sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að sannreyna megi viðskiptin.

Með innri frumgögnum er átt við gögn sem verða til hjá hinum bókhaldsskylda sjálfum, svo sem samrit reikninga, afreikninga, greiðsluseðla, giróseðla, greiðslukvittana, samninga eða skeyta, svo og öll önnur gögn sem gerð eru til að skrá hreyfingar eða millifærslur innan bókhaldsins sjálfs.“

Við skoðun á framkvæmd samningsins milli aðila leitaði settur ríkisendurskoðandi m.a. eftir frekari gögnum heldur en voru til staðar í bókhaldi Fjársýslu ríkisins. Einkum voru til skoðunar eignarhlutir þar sem skráðar greiðslur voru frábrugðnar kröfuvirðinu og þá ennfremur einstök mál sem voru til sérstakrar skoðunar.

Með bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 12. febrúar 2018, til Fjársýslustjóra ríkisins var vísað til viðræðna þeirra á milli fyrr sama dag. Óskað var eftir að Fjársýsla ríkisins staðfesti að þau gögn/afrit sem Fjársýsla ríkisins hefði afhent Ríkisendurskoðun varðandi málefni Lindarhvals ehf. væru öll þau gögn sem til staðar væru og í vörslu Fjársýslu ríkisins. Um frekari gögn væri ekki að ræða. Það skal tekið fram að öll samskipti við Fjársýslu ríkisins er snúa að öflun upplýsinga og gagna sem varða það málefni sem hér er til umfjöllunar hafa verið án athugasemda af hálfu Ríkisendurskoðunar. Ennfremur er Ríkisendurskoðun kunnugt um að Fjársýsla ríkisins hafi leitað eftir frekari gögnum en ekki orðið ágengt.

Í fyrrnefndu bréfi var óskað eftir staðfestingu á sex greiðslum samtals að fjárhæð 10,8 ma.kr. (Sjá afrit af fylgiskjölum á næstu síðu.) Af sex greiðsluskjölum voru aðeins tvö sem gáfu til kynna ástæðu greiðslunnar. Engin fylgiskjöl fylgdu hins vegar með.



TILKYNNING FRÁ ARION BANKA

Eftirfarandi greiðsla var framkvæmd þann 30.12.2016

Mörfærsla	
Upphæð	4.800.000.000 kr.
Framkvæmd	30. desember 2016
Skýring greiðslu	
Tilvisunarnúmer	SlipNo:AKI0056
Greiðandi	
Nafn	Kaupþing ehf.
Kennitala	5608820419
Viðtakandi	
Nafn	
Kennitala	
Reikningsnúmer	



Reykjavík 19., 101 Reykjavík 8:447000

Dagur/Tími : 09.07.2016 11:04:14

Staðfærslunúmer: 09010001 56

Afþrengsla : 5 - 56 Þjóflið færsla : 1

Viðskiptavottun

Innlegg

0001-26-025395 5402696459
Ríkissjóður: Íslands
Kt. greiðanda : 5608820419
Upphæð : 4.794.096.938

Alls inn 4.794.096.938

Úttektir

0358-26-001500 5608820419
Kaupþing ehf.
Kt. greiðanda : 5402696459
Upphæð : 4.794.096.938

Alls út 4.794.096.938

Með tölvupósti, dags. 2. júlí 2018, til sviðsstjóra endurskoðunar sviðs Ríkisendurskoðunar var óskað upplýsinga um, hvaða reglur giltu hjá stofnuninni þegar gerðar væru athugasemdir við fylgiskjöl sem bókað væri eftir og þau talin ófullnægjandi eða ábótavant. Hvaða viðmiðanir væru viðhafðar við það mat. Þá var sérstaklega spurst fyrir um þegar greitt væri eingöngu með greiðsluseðli. Svar sviðsstjóra endurskoðunar-sviðs var eftirfarandi:

„Greiðsluseðill getur verið ígildi fylgiskjals, fer eftir eðli hans. Hann getur gilt ef um fastar greiðslur er að ræða, t.d. húsaleigu eða aðrar samningsbundnar greiðslur. Ef um kaup á tilfallandi vöru eða þjónustu er að ræða þá getur greiðsluseðill einn og sér ekki verið fullgilt fylgiskjal ef hann ber ekki með sér hvað sé verið að greiða fyrir eða þær upplýsingar eru ekki nægjanlega skýrar, t.d. „vörukaup í júní“.

- Samskipti Ríkisendurskoðunar og Lindarhvals ehf. vegna öflunar upplýsinga.

Settur ríkisendurskoðandi hefur lagt áherslu á að embættið hefði beinan aðgang að frumskjölum við skoðun einstakra mála og leitaði eftir því með formlegum hætti til Lindarhvals ehf., Seðlabanka Íslands og slitabúa Glitnis ehf. og Kaupþings ehf. Þá taldi settur ríkisendurskoðandi mikilvægt að tiltækar formlegar upplýsingar lægju fyrir um aðkomu og ábyrgð einstakra aðila á því verklagi sem viðhaft hefur verið við framkvæmd verksins frá upphafi.

Samskipti stjórnar og ráðgjafa Lindarhvals ehf. og setts ríkisendurskoðanda er varðar öflun upplýsinga í sambandi við eftirlitshlutverk hans við framkvæmd á samningi milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. um umsýslu og fullnustu stöðugleikaeigna og endurskoðun ársreiknings félagsins hafa að mati setts ríkisendurskoðanda valdið honum erfiðleikum með að ljúka verkinu. Þar kemur einkum til að í flestum málum hefur ekki tekist að afla þeirra frumgagna sem er hin faglega krafa endurskoðanda til að hann geti lagt mat á einstök mál. Þess vegna hefur verkið tekið lengri tíma en þörf hefði verið á.

Fjárhagsendurskoðun ársreikninga félagsins fyrir árin 2016 og 2017 hefur hins vegar gengið eðlilega fyrir sig.

Skjalavarsla vegna framseldra stöðugleikaeigna, fylgigögn sem lögð voru fram á stjórnarfundum félagsins ásamt gögnum sem tengjast rekstri félagsins voru vistuð hjá Lögmannsstofunni Íslögum ehf. að Túngötu 6, Reykjavík. Í upphafi vinnu setts ríkisendurskoðanda við eftirlit með títtnefndum samningi fór gagnaöflun þannig fram, að óskað var eftir tilteknum gögnum með tölvupóstum eða bréfum. Framan af var þessum beiðnum svarað fljótt og vel af hálfu Lindarhvals ehf. Við frekari úrvinnslu í einstökum málum, þar sem leitað var eftir frekari upplýsingum og gögnum var því svarað af hálfu Lindarhvals ehf. með því að spyrjast fyrir um hvers vegna óskað væri eftir viðbótarupplýsingum, fyrirspurnir væru óskýrar og jafnvel byggðar á misskilningi. Í þessum samskiptum kom fram það sjónarmið stjórnar Lindarhvals ehf. skýrt fram, að verkefni Ríkisendurskoðunar takmörkuðust eingöngu við fjárhagsendurskoðun á starfsemi félagsins en ekki við eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. frá 29. apríl 2016.

Í framhaldi af þessari stöðu, sendi settur ríkisendurskoðandi þann 16. október 2017 tölvupóst til formanns Lindarhvals ehf. þar sem segir: „Ég held að þetta fyrirkomulag þar sem við þurfum að biðja Steinar eða þig um einstakar upplýsingar gangi ekki það tekur of langan tíma og oft virðist vera um misskilning að ræða um hvað er verið að fara fram á nema það sem beinist beint að ykkur og rekstri Lindarhvals.“ Í svarpósti formanns stjórnar Lindarhvals ehf., dags. 18. október 2017, segir m.a. hvað þetta varðar „Ekkert er til fyrirstöðu að þú hafir þann aðgang sem þú óskar eftir.“ Síðan hefir ekkert gerst í því máli.

Með bréfi, dags. 2. mars 2018, í framhaldi af bréfi Lindarhvals ehf., dags. 7. febrúar 2018, um niðurfellingu samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. frá 29. apríl 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir við ráðuneytið að það beitti sér fyrir að settum ríkisendurskoðanda yrði veittur aðgangur að öllum gögnum sem liggja fyrir hjá eftirtöldum aðilum og snúa að móttæknum eignum ríkissjóðs skv. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða III í lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands (stöðugleikaframlag), Lindarhvoli ehf., Seðlabanka Íslands, Glitni ehf., Kaupþingi ehf. og LBI ehf.

Ráðuneytið svaraði með bréfi, dags. 16. mars 2018, og kemur þar m.a. fram:

„Varðandi gögn sem kunna að liggja hjá Seðlabanka Íslands þá er til þess að líta að bankinn er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, sbr. 1. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Að virtu sjálfstæði Seðlabankans orkar tvímælis að fjármála- og efnahagsráðuneytið hlutist til um hvaða upplýsingar eða gögn bankinn ákveður að láta frá sér. Eins og rakið er í bréfi yðar hefur ríkisendurskoðandi hins vegar, umfram ráðuneytið, sérstakar lagaheimildir til að krefja ríkisstofnanir um þau gögn sem hann telur þörf á til að sinna eftirliti sínu skv. lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðun, og taka þær heimildir einnig til Seðlabanka Íslands. Um slitabú föllnu bankanna gildir að ráðuneytið skortir heimildir eða stöðu til að beita sér sérstaklega fyrir því að þau veiti settum ríkisendurskoðanda aðgang að ótilgreindum gögnum sem kunna að liggja fyrir hjá þeim. Þegar slitabú hinna föllnu fjármálafyrirtækja samþykktu nauðasamninga á sínum tíma lauk eiginlegu slituferli og starfa þessir lögaðilar nú sem sjálfstæð félög. Hér er um að ræða einkaréttarlega aðila sem hvorki hafa stjórnarsýsluleg tengsl við ráðuneytið né eru þau í eigu ríkisins. Engu að síður og þrátt fyrir það sem að framan greinir er ráðuneytið reiðubúið til þess, telji settur ríkisendurskoðandi að það geti komið að gagni, að beina almennri ósk til Seðlabankans og hinna einkaréttarlegu félaga um að þau bregðist með jákvæðum hætti við óskum setts ríkisendurskoðanda um aðgang að gögnum í þeirra vörslu er varði endurskoðun Lindarhvals ehf. og framkvæmd samnings félagsins við ráðuneytið.“

Með bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 26. mars 2018, til fjármála- og efnahagsráðuneytis voru settar fram tillögur um skipan og fyrirkomulag á aðgangi að gögnum sem til staðar væru í vörslu ráðuneytisins og að þeim, sem Lindarhvoll ehf. hefði afhent við lok samningsins. Með bréfi, dags. 3. apríl 2018, samþykkti ráðuneytið þær tillögur Ríkisendurskoðunar um fyrirkomulag sem fram komu í fyrrnefndu bréfi frá 26. mars 2018. Í framhaldi skipaði ráðuneytið tengilið við settan ríkisendurskoðanda til að vera honum innan handar eins og framast væri kostur.

Ráðuneytið afhenti þau gögn sem voru vistuð í skjalasafni þess, þar á meðal gögn sem stjórn Lindarhvals ehf. hafði skilað til ráðuneytisins í kjölfar uppsagnar samnings milli aðila. Í framhaldi af skoðun þeirra gagna sem afhent voru óskaði Ríkisendurskoðun eftir við

ráðuneytið að fá aðgang að tilteknum fylgiskjölum sem lögð voru fram á stjórnarfundum Lindarhvals ehf. sem hluti af ákvörðun stjórnarinnar í einstökum málum. Ennfremur var óskað eftir að ráðuneytið kannaði hvort Ríkisendurskoðun gæti fengið aðgang að tölvupóstum í vörslu stjórnarráðsins sem vörðuðu starfsemi Lindarhvals ef óskað yrði eftir. Ráðuneytið hefur ekki svarað.

Með bréfum, dags. 14. og 18. júní 2018, til Lindarhvals ehf. var óskað eftir gögnum sem annars vegar sneru að því, hvort sérstakt samkomulag hefði verið gert við slitabú Glitnis og hvort slitabúið hafi skuldbundið sig til að greiða allt andvirði innheimtu vegna fjársópseigna til ríkissjóðs óháð því hvort innheimtan hefði verið í íslenskum krónum eða í erlendri mynt. Hins vegar beiðni um afrit af lokauppgjörum slitabúanna á varasjóðum sem gerðir hafa verið upp til loka maímánaðar 2018. Bréfum þessum hefur ekki verið svarað af Lindarhvoli ehf.

- [Uppsögn samnings stjórnar Lindarhvals ehf. og fjármála- og efnahagsráðherra um umsýslu og fullnustu stöðugleikaeigna frá 29. apríl 2016.](#)

Þann 6. febrúar 2018 var undirritað samkomulag milli fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Lindarhvals ehf. þar sem stjórn Lindarhvals ehf. óskaði eftir endurskoðun samningsins með vísan til þess að félagið hefði náð öllum þeim markmiðum sem sett voru í samningi félagsins við fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, dags. 29. apríl 2016. Aðilar voru sammála um að ekki væri hagkvæmt fyrir ríkissjóð að halda áfram rekstri félagsins í óbreyttri mynd. Þá er vísað til þess að tilteknum verkefnum félagsins sé nú lokið eins og stefnt var að og taki ráðuneytið þá við umsjón þeirra eigna sem eftir voru í umsjón Lindarhvals ehf. við slit samningsins. Eru aðilar við svo búið sammála um að fella niður samning aðila um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaeigna, dags. 29. apríl 2016, frá og með 7. febrúar 2018 og að félaginu skuli slitið í kjölfarið.

Samkvæmt yfirliti frá Lindarhvoli ehf. er fjöldi þeirra stöðugleikaeigna sem eftir standa og fullnustu er ólokið við undirritun framangreinds samkomulags samtals 51 talsins. Kröfuvirði þeirra í ársbyrjun 2018 er metið 60,5 ma.kr. Af þeirri fjárhæð eru 54,5 ma.kr vegna veðskuldabréfs Kaupþings ehf. og afkomuskiptasamnings v/Arion banka.

Formaður meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis gat þess þegar hann mælti fyrir meirihlutaáliti nefndarinnar að samkvæmt frumvarpinu skyldi slíta félaginu þegar það hefði lokið störfum sínum. Þá kom fram hjá formanni nefndarinnar að þær eignir sem félagið fengi til umsýslu gætu numið 64 ma.kr. og að reikna mætti með að úrvinnslu um 80% eignanna yrði lokið innan 18 mánaða. Ennfremur kom fram að ráðherra muni væntanlega kynna áform um slit Lindarhvals ehf. fyrir þeim tveim þingnefndum sem fá ársfjórðungslega greinargerð um úrvinnslu eignanna.

Með greinargerð Fjármála- og efnahagsráðuneytis, dags. 22. janúar 2018, er gerð grein fyrir áformum ráðuneytisins um að félagið ljúki störfum snemma á árinu 2018, enda verði þá öll meginverkefni þess til lykta leidd.

4. Aðkoma Seðlabanka Íslands að umhirðu móttækinnna stöðugleika-eigna og eftirlitshlutverk bankans með framsalseignum slitabúanna.

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001, með síðari breytingum (stöðugleikaframlag) er í 3. mgr. lagt til „að Seðlabanki Íslands skuli stofna félag til þess að annast umsýslu og að fullnusta og selja eftir því sem við á verðmæti sem ekki eru laust fé eða eignarhlutir í fjármálafyrirtækjum“. Við meðferð efnahags- og viðskiptanefndar á máli þessu segir að í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið hafi komið fram veigamikil rök fyrir því að félagið yrði ekki á forræði Seðlabanka Íslands, heldur heyrði beint undir fjármála- og efnahagsráðuneytið sem fer með eignir ríkissjóðs.

Þá var samþykkt breyting á 1. gr. frumvarpsins með nýrri málsgrein:

„Þau verðmæti sem Seðlabankinn tekur á móti á grundvelli 2. másl. 1. mgr. skulu renna í ríkissjóð. Laust fé, þ.m.t. söluandvirði eigna að frádregnum kostnaði við úrvinnslu og ráðstöfun eignanna, skal varðveita á sérstökum reikningum ríkissjóðs í bankanum. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluta ríkisins í Íslandsbanka.“

Samningar milli Seðlabanka Íslands annars vegar og Glitnis ehf., LBI ehf., Kaupþings ehf., ALMC hf. og Byrs hf. hins vegar voru gerðir og undirritaðir á tímabilinu nóvember 2015 til janúar 2016. Fyrir hönd Seðlabankans undirritaði Haukur C. Benediktsson, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Seðlabanka Íslands (ESI), alla samningana. Mat Seðlabankans á virði framlagseigna skv. riti bankans, Fjármálastöðugleiki 2016/1, nam 386,1 ma.kr. (Meðtaldar framlagseignir BYRS hf. og ALMC hf.). Samningur fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. um umsýslu félagsins á stöðugleikaeignum slitabúanna tók gildi 29. apríl 2016. Fram að þeim tíma var Steinari Þór Guðgeirssyni hrl. veitt umboð með sérstakri ákvörðun bankastjóra Seðlabanka Íslands til að fara með hlutverk bankans við að umsýsla verðmætin. Um ótakmarkað umboð var að ræða.

Í samningi Seðlabanka Íslands og slitabúanna er kveðið á um með hvaða hætti samskiptum og eftirliti bankans með þeim eignum sem skildar voru eftir í umsjón slitabúanna skyldi háttað. Í samningi Seðlabankans við LBI ehf. er kveðið á um þau samskipti með eftirfarandi hætti:

„SÍ (Seðlabanki Íslands) skal vera heimilt að tilnefna aðila til að hafa samráð við LBI vegna ákvarðanatöku í tengslum við rekstur þeirra mála sem tilgreind eru í 2. mgr. c. liðar 3. gr. framsalssamnings þessa, sbr. einnig fylgiskjal nr. 2. LBI skuldbindur sig til að upplýsa SÍ, eða þann aðila sem SÍ tilnefnir samkvæmt framangreindu, um hver þau atriði sem máli kunna að skipta vegna reksturs og við ákvarðanatöku vegna tilgreindra mála sem og til að afhenda SÍ, eða þeim aðila sem SÍ tilnefnir samkvæmt framangreindu, hver þau gögn í framangreindu skyni, að kröfu SÍ, að því marki sem unnt er að teknu tilliti til bankaleyndar, sbr. 58. gr. laga nr. 161/2002.“

Þá er í samningum við slitabúin kveðið á um að árlega skuli greiðslur úr varasjóðum sem tengjast rekstri slitabúanna vottaðar af endurskoðendum þeirra og greinargerð skilað til SÍ. Í öðrum samningum við slitabúin eru álíka ákvæði um eftirlitshlutverk Seðlabanka Íslands er varða skil og upplýsingagjöf til bankans.

Með bréfi, dags. 2. nóvember 2017, óskaði Ríkisendurskoðun eftir því að Seðlabanki Íslands upplýsti um tiltekin atriði í samningum slitabúanna við Seðlabankann. Atriði, sem m.a. var óskað eftir upplýsingum um voru:

- Umsýsla slitabúa við umhirðu svonefndra fjársópseigna.
- Varasjóðir, hlutverk og fjármögnun.

Seðlabanki Íslands svaraði framangreindri fyrirspurn með bréfi, dags. 27. nóvember 2017.

Umsýsla slitabúa við umhirðu svonefndra fjársópseigna:

„Seðlabankinn veitti sjö af átta slitabúum fallinna viðskiptabanka og sparisjóða undanþágur frá ákvæðum laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, vegna nauðasamninga þeirra við kröfuhafa sína og loka slitameðferðar. Í undanþágum voru gerðar ríkar kröfur um upplýsingagjöf til Seðlabankans til þess að gera honum kleift að fylgjast með efndum slitabúanna við kröfuhafa sína og þeim skilyrðum sem gerð eru í ákvörðunum. Samkvæmt 15. gr. laga um gjaldeyrismál eru þeir sem annast framkvæmd laganna bundnir þagnarskyldu um hagi einstakra viðskiptamanna og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Samsvarandi ákvæði um þagnarskyldu er að finna í ákvæðum 35. gr. laga nr. 36/2001 um bankann. Í ljósi þessa telur Seðlabankinn eðlilegra að settur ríkisendurskoðandi beini fyrirspurn sinni beint að slitabúunum, eða að Seðlabankinn leiti samþykkis hjá slitabúunum að beiðni ríkisendurskoðanda um að veita þær upplýsingar sem Seðlabankinn kann að búa yfir um umsýslu slitabúa við umhirðu svonefndra fjársópseigna.“

Varasjóðir, hlutverk og fjármögnun:

„Varasjóðir slitabúanna í krónum voru til þess ætlaðir að mæta greiðslum í krónum sem óvissa ríkti um, innlendum kostnaði og sköttum sem ekki hafa áhrif á greiðslujöfnuð. Ef varasjóðir væru ekki að fullu nýttir gildi fjársópsákvæði á eftirstöðvar þeirra.“

Með bréfi Ríkisendurskoðunar, dags. 19. desember 2017, til Seðlabanka Íslands var óskað eftir frekari upplýsingum um tiltekin atriði varðandi stöðugleikaeignir slitabúanna heldur en fram höfðu komið í svarbréfi Seðlabanka Íslands frá 27. nóvember 2017.

Í fyrrnefndu bréfi Ríkisendurskoðunar var í fyrsta lagi óskað eftir hvert væri virði (í fjárhæðum) þeirra stöðugleikaeigna sem bankinn tók á móti frá einstökum slitabúum.

Svar Seðlabankans var að „stöðugleikaframlög voru metin á grundvelli bókfærðs virðis eigna líkt og slitabúin bókfærðu eignir sínar í undanþágubeiðnum til Seðlabankans, samanber svar bankans frá 27. nóvember 2017“. Þá kemur fram „að þau sjónarmið sem Seðlabankanum ber að hafa að leiðarljósi við mat á beiðnum um undanþágur frá lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál eru hvaða afleiðingar takmarkanir á fjármagnshreyfingum hafa fyrir umsækjanda, hvaða markmið er að baki takmörkunum og hvaða áhrif undanþága getur haft á stöðugleika í gengis- og peningamálum, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Meginsjónarmið

Seðlabankans við veitingu undanþágna til slitabúanna var þar af leiðandi að tryggt væri að vegið yrði á móti neikvæðum áhrifum á greiðslujöfnuð vegna innlendra eigna sem greiða átti til erlendra aðila“.

Í öðru lagi var óskað eftir upplýsingum um framkvæmd og eftirlit (þ.m.t. eftirlit Seðlabanka Íslands) með þeim stöðugleikaframlögum (fjárþóseignum) og varasjóðum sem skildir voru eftir í umsjón slitabúanna.

Svar Seðlabanka Íslands var að „eftir að ráðherra stofnaði einkahlutafélagið Lindarhvol ehf. fyrir hönd ríkissjóðs hefur Seðlabankinn hvorki haft aðkomu að samningum sem gerðir voru vegna stöðugleikaframlaga né komið að umsýslu þeirra eigna enda er það verkefni alfarið í höndum Lindarhvols ehf. Seðlabankinn hefur hins vegar eftirlit með framkvæmd laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, þ.á.m. eftirlit með undanþágum veittum á grundvelli stöðugleikaskilyrða. Undanþágur sem Seðlabankinn veitti slitabúum fallinna viðskiptabanka og sparisjóða kváðu á um ýmis skilyrði umfram stöðugleikaskilyrði. Þessi skilyrði lutu m.a. að reglulegri upplýsingagjöf til gjaldeyriseftirlits Seðlabankans. Þar sem eignasamsetning slitabúanna og aðgerðir þeirra til þess að uppfylla stöðugleikaskilyrði voru mismunandi var í sumum tilvikum óskað eftir upplýsingum um sértækar aðgerðir slitabúa til þess að uppfylla stöðugleikaskilyrði, s.s. upplýsingar um eignarhluti í bönkum eða útgáfu skuldabréfa í erlendum gjaldeyri. Í erindi yðar óskið þér eftir upplýsingum um skipan fulltrúa Seðlabankans sem eftirlits- og umsjónaraðila í tengslum við gagnaskil. Enginn slíkur fulltrúi var skipaður af hálfu bankans, enda berast eins og áður greinir, upplýsingar á grundvelli undanþágna til gjaldeyriseftirlits Seðlabankans“.

Í þriðja lagi var óskað eftir upplýsingum um svonefnda varasjóði í vörslu slitabúanna og að Seðlabankinn staðfesti þá fjárhæð sem tilgreind er í skýrslu fjármála- og efnahagsráðherra til Alþingis, þ.e. 11,8 ma. kr. Jafnframt um það hvort Seðlabankinn hefði aðkomu að framkvæmd á samningi um stöðuleikaframlagseignir eftir að Lindarhvoll ehf. yfirtók samninginn á milli Seðlabankans og slitabúanna.

Svar bankans var: „Hvað varðar þriðja lið fyrirspurnar yðar vísast til svars við öðrum lið en upplýsingar berast aðeins að því marki sem varasjóðir eru nýttir í þeim tilgangi sem þeim var ætlað að standa undir. Seðlabankinn hefur því ekki upplýsingar um fjárhæðina sem þér tilgreinið, hvaða varsjóða hún nær til né hvaða aðrar forsendur liggja að baki henni. Seðlabankinn hefur þannig ekki forsendur til þess að staðfesta hana. Rétt er þó að benda aftur á greinargerð Seðlabankans um uppgjör fallinna fjármálafyrirtækja á grundvelli stöðugleikaskilyrða, Áhrif á greiðslujöfnuð og fjármálastöðugleika, dags. 27. október 2015, sérřit Seðlabankans nr. 9.“

Í fjórða lagi var óskað eftir upplýsingum um hvort Seðlabanki Íslands hefði haft aðkomu að framkvæmd á samningi um stöðugleikaframlagseignir eftir að Lindarhvoll ehf. yfirtók samninginn milli Seðlabankans og slitabúanna.

Svar bankans var að vísa „til svars Seðlabankans frá 27. nóvember 2017. Rétt er þó að áréttta að Lindarhvoll ehf. yfirtók ekki samninga sem gerðir voru á milli slitabúanna og stjórnvalda, heldur hefur félagið aðeins með umsýslu eignanna að gera. Einnig vísast til umfjöllunar hér að framan“.

Í fimmta lagi var óskað eftir upplýsingum um með hvaða formlegum hætti hefði verið staðið að yfirtöku Lindarhvals ehf. á samningi Seðlabanka Íslands við slitabúin. Jafnframt var óskað eftir afritum af bréfum og öðrum þeim gögnum sem fóru á milli Seðlabankans og slitabúanna við yfirtöku Lindarhvals ehf. á stöðugleikaframlögum frá Seðlabanka Íslands.

Svar bankans var, „*vísar Seðlabankinn aftur til umfjöllunar að framan og bendir á að Lindarhvoll ehf. yfirtók ekki samninga Seðlabankans við slitabúin, heldur fer Lindarhvoll ehf. með umsýslu eigna sem móttæknar voru á grundvelli samninga um afhendingu stöðugleikaframlaga*“.

Í bréfi Ríkisendurskoðunar til Seðlabanka Íslands, dags. 27. mars 2018, kemur eftirfarandi m.a. fram:

„Settur ríkisendurskoðandi hefur lagt áherslu á að embættið hefði beinan aðgang að frumskjölum við skoðun einstakra mála og hefur leitað eftir því með formlegum hætti til Lindarhvals ehf., Seðlabanka Íslands og slitabúa Glitnis ehf. og Kaupþings ehf. Þá taldi settur ríkisendurskoðandi mikilvægt að tiltækar formlegar upplýsingar lægju fyrir um aðkomu og ábyrgð einstakra aðila á því verklagi sem viðhaft hefur verið við framkvæmd verksins frá upphafi“....

„Þá skal upplýst að sú tregða sem verið hefur frá upphafi við að veita settum ríkisendurskoðanda umbeðnar upplýsingar leiðir til þess, að tafir verða á að Alþingi berist skýrsla vegna starfsemi Lindarhvals ehf. á árinu 2016“....

„Á fundum með starfsmönnum yðar hef ég greint frá því, að í bréfum mínum sem hér fylgja með til slitabúa föllnu bankanna, þar sem ég hef óskað eftir tilteknum upplýsingum, hafa svör slitabúanna verið á þann veg að þau hafi ekki heimild til að afhenda umbeðnar upplýsingar nema með atbeina Seðlabanka Íslands og þá vísað til samnings slitabúsins um framsalssamning við bankann“.

Á þessu stigi málsins hafði settur ríkisendurskoðandi ekki athugasemdir við afstöðu slitabúanna, þótt ríkissjóður væri eigandi þeirra eigna sem hér eru til umfjöllunar. Hlutverk slitabúanna var að fullnusta eignirnar skv. samningi við Seðlabanka Íslands. Bent skal á að Seðlabankinn hafnaði beiðni setts ríkisendurskoðanda um að bankinn veitti upplýsingar um framkvæmd á umsýslu fjársópseigna í vörslu slitabúanna og beitti fyrir sig bankaleynd. Samkvæmt lögum á Ríkisendurskoðun að hafa eftirlit með framkvæmd samnings og þar með aðgang að þeim undanþágureglum Seðlabankans sem varða gjaldeyris-eftirlit og tengist slitabúunum. Benda má á, að á sama tíma voru umbeðin gögn og upplýsingar á borðum endurskoðunarfélaga slitabúanna úti í bæ sem höfðu það verkefni að endurskoða og staðfesta við Seðlabankann að rekstrarsjóðir slitabúa föllnu bankanna færu eftir reglum settum af Seðlabanka Íslands.

Í ofangreindu bréfi sem vísað er til hér að framan óskaði settur ríkisendurskoðandi eftir því að Seðlabanki Íslands veitti aðgang að þeim upplýsingum sem bankinn hefur í vörslu sinni og varða eftirlitshlutverk hans gagnvart slitabúum skv. samningi frá árinu 2015/2016. Jafnframt var farið fram á að Seðlabankinn tilkynnti slitabúunum að bankinn heimilaði að settum ríkisendurskoðanda yrðu afhent þau gögn og upplýsingar sem óskað yrði eftir og vörðuðu fjársópseignir og varasjóði í þeirra vörslu.

Hafni Seðlabanki Íslands framangreindum beiðnum, telur settur ríkisendurskoðandi að ekki verði hjá öðru komist af hans hálfu en að ákvæðum laga nr. 46/2016 um Ríkisendurskoðun og endurskoðun ríkisreikninga verði beitt en þar segir m.a.:

III. kafli laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga fjallar um aðgang að reikningsskilum, gögnum og upplýsingum.

1. mgr. 10. gr. Ríkisendurskoðandi geti krafist reikningsskila, upplýsinga og gagna af aðilum sem falla undir eftirlit hans og þeim sem fá fé eða ábyrgðir frá ríkinu, þ.m.t. um það hvernig fjármunum var ráðstafað.

4. mgr. 10. gr. Nú verður ágreiningur um skoðunarheimild ríkisendurskoðanda og getur hann þá leitað úrskurðar dómstóla um hann.

1. mgr. 11. gr. Í störfum sínum hefur ríkisendurskoðandi aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal bókhaldi, fylgiskjölum, skýrslum og bréfum. Þá getur hann krafist upplýsinga og gagna sem geta haft þýðingu við störf hans.

4. mgr. 11. gr. Ríkisendurskoðandi getur leitað aðstoðar lögreglu þegar sérstaklega stendur á og er lögreglu þá skylt að veita aðstoð ef hann óskar þess.

Settur ríkisendurskoðandi leggur jafnframt áherslu á, að í 12. gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga er sérstaklega gert ráð fyrir að ef svo ber undir, geti ríkisendurskoðandi tekið við þagnarskyldum upplýsingum.

Seðlabanki Íslands svaraði ofangreindu bréfi Ríkisendurskoðunar með bréfi, dags. 11. apríl 2018. Í bréfi Seðlabanka Íslands segir m.a.:

„Samkvæmt framansögðu hafa aðilarnir sjálfir, Glitnir ehf., Kaupping ehf. og LBI ehf. ítarlegri upplýsingar um varasjóði og fjársópseignir en þær sem Seðlabanki Íslands hefur vegna eftirlits með undanþágum veittum á grundvelli stöðugleikaskilyrða. Í því sambandi er Seðlabankinn reiðubúinn að aflétta fyrir sitt leyti þeim trúnaði sem kveðið er á um í framsalssamningum milli Seðlabankans og eftirtalinna aðila, Glitnis ehf., Kaupþings ehf. og LBI ehf., hvað varðar afhendingu upplýsinga um varasjóði og fjársópseignir í þágu eftirlits yðar. Jafnframt er þeim vinsamlegu tilmælum beint til þessara aðila að afhenda yður umrædd gögn svo þér getið sinnt eftirliti með starfsemi Lindarhvols ehf. og framkvæmd samnings á milli ríkisins og Lindarhvols ehf.“

Í ofangreindu svari Seðlabanka Íslands kemur fram, að Seðlabankinn afléttir trúnaði gagnvart Ríkisendurskoðun. Með bréfi, dags. 25. apríl 2018, til Seðlabanka Íslands óskaði Ríkisendurskoðun eftir, að bankinn upplýsti, afhenti gögn og veitti svör við eftirfarandi spurningum:

1. Að settum ríkisendurskoðanda verði afhent afrit af fylgiskjali sem fylgdi með undanþágu Seðlabanka Íslands til Glitnis ehf., dags. 16. desember 2015. Ennfremur fylgiskjöl sem fjalla um undanþágur og varða slitabú annarra fjármálafyrirtækja og tengjast framsalssamningum á stöðugleikaframlögum við Seðlabanka Íslands í árslok 2015 og ársbyrjun 2016.

2. Hefur Seðlabanki Íslands fyrir sitt leyti samþykkt að greiðsla sem Klakki ehf. greiddi til Glitnis ehf. í marsmánuði 2016 falli undir undanþáguna sem Glitnir ehf. vísar til?
3. Hver er afstaða Seðlabanka Íslands til eftirfarandi, þ.e. að sá hluti af söluverði á endurheimtum krafna og hlutafjár í Klakka ehf. sem greiddur var í erlendum gjaldeyri falli undir fyrrnefnda undanþágu?
4. Hvaða forsendur voru til staðar við samningagerð Seðlabanka Íslands við Glitni ehf. og Kaupping ehf., að sambærilegir eignarhlutir í kröfum og hlutafé Klakka ehf. séu flokkaðir sem fjársópseignir hjá öðrum aðilanum en framsalseignir hjá hinum?

Svar við bréfinu hefur ekki borist.

Þess skal getið að Seðlabankinn hefur ekki orðið við beiðni setts ríkisendurskoðanda um að veita honum aðgang að þeim upplýsingum sem bankinn hefur í vörslu sinni og snýr að hlutverki Seðlabankans sem samningsaðila og hefur ekki framselt til annars aðila eða því eftirlitshlutverki sem hann gagnvart slitabúunum skv. framsalssamningi við þau hefur.

5. Sérstakar athuganir

- Sala eignarhluta í Klakka ehf.

Með bréfi, dags. 16. desember 2016, óskaði Valtýr Sigurðsson hrl. eftir því fyrir hönd félagsins Frigus II ehf. að koma á framfæri beiðni fyrir hönd Frigus II um að gerð yrði úttekt á starfsemi Lindarhvols ehf. Tilfni beiðninnar var það mat umbjóðanda hans, að um ámælisverða málsmeðferð væri að ræða við sölu á nauðasamningskröfum og eignarhluta í Klakka ehf. Með bréfi, dags. 27. desember 2016, var framangreindu bréfi svarað af Ríkisendurskoðun á þann veg, að þær upplýsingar sem fram kæmu í fyrrnefndu bréfi yrðu hafðar til hliðsjónar við eftirlit með framkvæmd samnings milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvols ehf. Beiðni Frigus II ehf. nær til sölu á framselseign sem slitabú Kaupþings ehf. framseldi ríkissjóði. Til meðferðar hjá umboðsmanni Alþingis er kvörtun Frigus II ehf. sem lýtur að málsmeðferð og stjórnarháttum Lindarhvols ehf. í tengslum við sölu á hlutabréfum í Klakka ehf.

Eignarhlutir ríkissjóðs í Klakka ehf. voru skráðir sem stöðugleikaframlög hjá tveimur aðilum. Annars vegar í slitabúi Kaupþings ehf. 17,77% og hins vegar í slitabúi Glitnis hf. 11,66%. Samtals nam eignarhlutur ríkissjóðs í Klakka ehf. því 29,43%.

Mat á virði eignarhluta slitabús Kaupþings ehf. í Klakka ehf. sem það framseldi sem stöðugleikaframlag.

Virði framlagsins var annars vegar eignarhluti í félaginu sem nam að nafnvirði 5 milljörðum kr. eða 17,77% af heildarhlutafé Klakka ehf. og sama hlutfall í stöðu eiginfjárgernings (nauðasamningskrafa) eins og hann var á tilboðsdegi þann 14. október 2016 en nauðasamningskröfurnar námu 36 ma.kr.

Við framsal slitabúsins var virði eignarhluta Klakka ehf. um áramótin 2015 metið á tæpa 1.6 ma.kr., þ.m.t. endurheimtur á nauðasamningskröfum.

Þrjú tilboð bárust í Klakka ehf. og námu þau öll rúmlega 500 m.kr. Hæsta tilboðið frá BLM fjárfestingu ehf. var að fjárhæð 505 m.kr. og var því tekið.

Málefni Klakka ehf. voru til umfjöllunar á stjórnarfundum Lindarhvols ehf. nr. 6, 7, 8, 10, 11 og 13. Á stjórnarfundum félagsins nr. 11 þann 20. október 2016 er eftirfarandi m.a. bókað sem tengist sölu á Klakka ehf.:

„Í samræmi við reglur félagsins um sölu eigna þá fór stjórn Lindarhvols ehf. aftur ítarlega yfir hvert og eitt tilboð sem barst innan tilboðsfrests. Stjórn lagði mat á framlögð tilboð með hliðsjón af öllum þáttum þeirra og á grundvelli þeirra atriða sem reglur félagsins gera ráð fyrir við slíkt mat. Var það mat stjórnar Lindarhvols ehf. að hagkvæmasta tilboðið í söluférlinu hafi verið frá BLM fjárfestingum ehf. Jafnframt er það mat stjórnar Lindarhvols ehf. að framangreint tilboð sé verulega hærra en sambærilegar kröfur hafa verið seldar á á markaði undanfarið. Með þessari sölu sé því að öllu leyti fullnægt því meginmarkmiði við sölu eigna á grundvelli samþykktra reglna Lindarhvols ehf., þar sem segir að leggja eigi áherslu á hagkvæmni með því að leitað skuli hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar í opnu söluférlu.“

Í samningi um umsýslu, fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna, dags. 29. apríl 2016, kemur fram að

„Félagið skal taka hæsta tilboði í hverri sölu enda sé það yfir því lágmarksverði sem félagið hefur sett sér fyrirfram. Ef þörf krefur getur félagið leitað til viðurkenndra, óháðra sérfræðinga eða ráðgjafa við verðmat tiltekinna eigna eða við samanburð og mat á tilboðum.“

Með bréfi, dags. 30. nóvember 2017, til stjórnar Lindarhvols ehf. óskaði Ríkisendurskoðun m.a. eftir rökstuðningi og upplýsingum ásamt viðeigandi gögnum um hvert ásett lágmarksverð Lindarhvols ehf. á eignarhlut ríkissjóðs í Klakka ehf. hefði verið. Ennfremur var óskað eftir rökstuðningi og upplýsingum um hverjar hefðu verið forsendur og mat stjórnar Lindarhvols ehf. á verðmæti nauðasamningskrafna við mat á því lágmarksverði sem stjórnin setti sér fyrir sölu og/eða við mat á hluta í söluverði.

Stjórn Lindarhvols ehf. svaraði með bréfi, dags. 2. janúar 2018. Þar kom m.a. fram:

Ekkert ásett lágmarksverð var sett á eignina þegar sala hennar var auglýst eins og skýrlega kemur fram í þeim gögnum varðandi söluferlið sem afhent hafa verið settum ríkisendurskoðanda og voru jafnframt birt opinberlega. Viðmið stjórnar um lágmarksverð við sölu var virði eignarinnar við framsal, samkvæmt viðauka við viðkomandi stöðugleikasamning, að teknu tilliti til greiðsluflæðis af eigninni ásamt öðrum viðmiðunum sem fjallað verður um hér síðar í bréfi þessu.

Þá kemur fram í nefndu bréfi að „Besta aðferðin að mati stjórnar félagsins var að setja nauðasamningskröfuna í opið söluferli, samkvæmt og á grundvelli skýrra ákvæða laga, samningsákvæða og reglna félagsins og þannig komast að því hvert væri raunverulegt markaðsvirði fyrrgreindra nauðasamningskrafna. Það var gert og hæsta tilboðinu tekið. Tilvísun setts ríkisendurskoðanda til þess að tilboðin þrjú hafi öll verið í kringum 500 milljónir kr. gefur greinilega til kynna að allir þeir fjárfestar sem gerðu tilboð í nauðasamningskröfunar mátu verðmæti þeirra með sambærilegum hætti út frá fyrirbyggjandi gögnum og framangreindum áhættuþáttum sem fyrir lágu vegna reksturs, útgreiðslna og annarra óvissuþátta sem sneru að nauðasamningi Klakka ehf. og staðfestir jafnframt að markaðsverð hafi fengist fyrir nauðasamningskröfur í Klakka ehf. Til viðbótar má hér nefna að söluverð kröfunnar var hærra en viðskipti annarra aðila sem átt höfðu sér stað með nauðasamningskröfur á hendur Klakka.“

Í kaupsamningi um hlutafé og kröfur milli annars vegar BLM fjárfestingar ehf. og hins vegar Lindarhvols ehf., dags. 1. nóvember 2016, segir m.a., „seljandi lofar að selja og kaupandi lofar að kaupa hið selda, samtals 5.000.000.000 hluti í Klakka auk nauðasamningskröfu að fjárhæð kr. 36.046.902.455 í flokki F“.

Síðan segir: „Kaupverð fyrir hið selda skal nema kr. 505.000.161.- (fimm hundruð og fimm milljónir eitt hundruð sextíu og ein króna), en kaupverðið grundvallast á tilteknu hlutfalli af núverandi nauðasamningskröfum Klakka (1.400953%) (e. current composition claim) (hér eftir „Kaupverð“).

Á tilboðsdegi lá 6 mánaða uppgjör Klakka ehf. fyrir. Þar kemur fram að eigið fé Klakka ehf., að meðtöldum eiginfjárgerningi, nam 12.732 m.kr. Í sama uppgjöri kemur fram að fjárfesting í dótturfélögum nam 9.367 m.kr. Þar af nam hlutur í Lýsingu hf. um 9.291 m.kr. Hér á eftir fylgir tafla sem sýnir verðmæti hluta ríkissjóðs í bókfærðri hreinni eign Klakka ehf. að gerðum nokkrum leiðréttingum, sem skýrðar verða nánar í töflunni hér á eftir.

Leiðréttta verður fyrir því að útborgun til kröfuhafa nam rúmlega 1.025 m.kr. í september 2016 enda boðið í stöðu eigna og skulda miðað við miðjan október 2016. Þá þykir enn fremur rétt að leiðréttta fyrir hreinum tekjum í 3,5 mánuði (1. júlí – 14. okt.) og eignir færðar upp á grundvelli tekna eins og þær komu fram í þessu uppgjöri á miðju árinu. Að þessu gerðu er dreginn frá hluti erlendra kröfuhafa í Lýsingu hf. samkvæmt samkomulagi þar um en hann nemur 75% eins og taflan sýnir. Þá blasir við að reiknað virði á eignarhlut ríkissjóðs miðað við ofangreindar forsendur er að lágmarki 881 m.kr. Ef sú leiðrétting er enn fremur gerð að fyrir hafi legið í október 2016 að staða Lýsingar hf. var að batna til muna og því einnig leiðrétt fyrir niðurfærslu eignarhlutarins að fjárhæð 1.589 m.kr. og hún bakfærð, eins og gert var í ársuppgjöri fyrirtækisins fyrir árið 2016 (sjá skýr. 10 í ársreikningi Klakka ehf. 2016), þá hækkar verðmætið á eignarhluta ríkissjóðs í Klakka ehf. um 71 m.kr. og verður 952 m.kr., sbr. eftirfarandi:

Efnahagur Klakka ehf. 30.06.2016

Fjárhæðir í m.kr.	Lýsing hf.	Aðrar eignir	Samtals
Eigið fé Klakka ehf. 30.06.2016	9.291	3.441	12.732
Greitt í september 2016		-1.025	-1.025
	9.291	2.416	11.707
Leiðrétt 9,5 mán. (01.01+14.09)	166	179	345
Bakfærð niðurfærsla	1.589		1.589
	11.046	2.595	13.641
Hlutur erlendra kröfuhafa 75,0%	-8.285		-8.285
	2.762	2.595	5.357
Hlutur ríkissjóðs	17,77%	17,77%	17,77%
Reiknaður hlutur ríkissjóðs í m.kr.	491	461	952

Í skýrslu stjórnar Lýsingar hf. með ársreikningi félagsins fyrir árið 2016 segir m.a.:

„Hagnaður félagsins nam 1.361 milljón króna á árinu. Eigið fé var 11.956 milljónir króna í lok ársins og víkjandi skuldir voru engar. Eiginfjárhlutfall reiknað skv. lögum um fjármála fyrirtæki nam 52,5% í lok tímabilsins. Þá nemur vogunarhlutfall Lýsingar 46,1% en það skal ekki fara undir 3% skv. lögum. Fjárhagsstaða félagsins er því góð en sem fyrr ríkir nokkur óvissa um aðstæður í laga- og efnahagsumhverfi fyrirtækisins. Með hliðsjón af sterkri eiginfjárstöðu

leggur stjórn til að hluthafafundur samþykki að greiddur verði arður til hluthafa sem nemi 3,03 krónum á hlut eða um 700 milljónum króna.“

Í svari stjórnar Lindarhvols ehf. segir að „Stjórn Lindarhvols ehf. áttar sig ekki á öðrum þeim atriðum sem sett eru fram í bréfi setts ríkisendurskoðanda eða tilgangi þeirra. Í kafla II virðist settur ríkisendurskoðandi fjalla um mat sitt á söluvirði Klakka ehf.“

Á vefsíðu Morgunblaðsins, mbl.is, þann 7. júlí 2018 kemur fram að Tryggingamiðstöðin hafi lagt fram skuldbindandi kauptilboð í alla hluti í Lykli (áður Lýsingu) fjármögnun hf. og hefur Klakki ehf., eigandi Lykils, ákveðið að hefja einkaviðræður við TM vegna mögulegra kaupa. Tilboð TM hljóðar upp á 10,6 milljarða, en er háð ýmsum fyrirvörum.

Þar segir ennfremur, að Lykill sé fjármögnunarfyrirtæki sem láni til fyrirtækja og einstaklinga fyrir kaupum þeirra á bílum, vélum og tækjum. Á árinu 2017 námu hreinar vaxtatekjur 1.319 milljónum kr. og hagnaður fyrir tekjuskatt nam 1.076 milljónum kr. Í árslok 2017 námu heildareignir 31.779 milljónum kr., en þar af voru leigusamningar og útlán 22.740 milljónir kr. Þá nam eigið fé 13.324 milljónum kr.

Mat á virði eignarhluta slitabús Glitnis ehf. í Klakka ehf. sem það framseldi sem stöðugleikaframlag.

Virði framsals slitabús Glitnis á eignarhluta Klakka ehf. um áramótin 2015/2016 var metið á núlli sem fjársópseign. Hins vegar námu greiðslur fram að sölu hins framselda eignarhluta um 740 m.kr. til ríkissjóðs og til viðbótar námur greiðslur sem Glitnir hélt eftir að fjárhæð um 600 m.kr eða samtals greiðslur að fjárhæð 1,3 ma.kr. að meðtöldu söluandvirði. Með því að skilgreina stöðugleikaeignina sem fjársópseign falla greiðslur í erlendri mynt til slitabúsins skv. ákvæðum í samningi slitabúanna við Seðlabanka Íslands. Í bréfi Glitnis til Seðlabanka Íslands, dags 8. apríl 2016, sem fylgir sem fylgiskjal með bókun í bókhaldi ríkisins, kemur fram að slitabúið áætlaði, að virði eignarinnar í íslenskum krónum væri um 1,5 ma.kr.

Með bréfum Ríkisendurskoðunar frá 24. október 2017 og 4. desember sama árs var leitað eftir því við slitabú Glitnis, að það upplýsti um endurheimtur sem greiddar voru af Klakka ehf. í marsmánuði 2016 til Glitnis ehf. sem hluti stöðugleikaeignarinnar og skilað til ríkissjóðs. Ástæða þessarar spurningar var að á sama tíma hafði Kaupping ehf. skilað til ríkissjóðs endurheimtu frá Klakka ehf. vegna stöðugleikaeigna ríkissjóðs. Þá var ennfremur með vísan til auglýsingar á upplýsingavef Glitnis ehf. frá 6. september 2016 óskað eftir upplýsingum um framkvæmd og verklag við sölu Glitnis ehf. á eignarhluta í Klakka ehf., þ.m.t. um virði hins selda, aðila, sem gerðu tilboð, og hvaða tilboði var tekið.

Glitnir svaraði bréfum Ríkisendurskoðunar, dags. 1. nóvember 2016 og 18. desember sama ár, og sagði, að slitabúið teldi sig ekki hafa heimild til að veita öðrum en mótaðila sínum í samningi við Seðlabanka Íslands frá 10. desember um stöðugleikaframlög þær upplýsingar sem stofnunin óskaði eftir. Það er ekki fyrr en með bréfi Glitnis, dags. 20. apríl 2018, að slitabúið svarar Ríkisendurskoðun eftir að slitabúinu hafði borist afrit af bréfi Seðlabanka Íslands, dags. 11. apríl 2018, þar sem bankinn beinir því til Glitnis (og Kaupþings og LBI) að afhenda settum ríkisendurskoðanda gögn svo hann geti sinnt eftirliti með starfsemi Lindarhvols ehf.

Í framhaldi af ákvörðun Seðlabanka Íslands um að aflétta þeim trúnaði sem kveðið er á um í framsalssamningi milli bankans og slitabúanna ritaði Glitnir bréf, dags. 20. apríl 2018, sem svar við eftirfarandi fyrirspurnum Ríkisendurskoðunar frá því í október og desember 2017.

1. Endurheimtur voru greiddar til rétthafa Klakka ehf. í marsmánuði 2016 sem tilheyrðu Glitni ehf. Hvenær var hluta stöðugleikaframlagsins í endurheimtunni skilað til ríkissjóðs?

Svar slitabúsins: Þar sem greiðslan frá Klakka ehf. í mars 2016 var greidd í EUR var stöðugleikaframlag ekki hluti þeirrar greiðslu. Með vísan til Schedule 2, Part B – FX Retained Assets í Assignment Agreement, dags. 10. desember 2015, var gert ráð fyrir að endurheimtur eigna sem þar eru tilgreindar innifeldu mögulegar endurheimtur bæði í ISK og í erlendum gjaldmiðlum til Glitnis.

Greiðsla sem hér er til skoðunar var innt af hendi þann 14. mars 2016 af Klakka ehf. að fjárhæð 375 m.kr. Í bréfi Klakka ehf. í tengslum við greiðsluna var óskað eftir því, ef aðilar vildu að greiðslan yrði innt af hendi í erlendum myntum, að þá yrði að fara fram á það sérstaklega. Leitað var eftir því við Klakka ehf. hvort beiðni hefði borist frá Glitni ehf. um þá tilhögun en þeirri beiðni var vísað til Glitnis ehf. Þar sem ekkert kom fram í svari Glitnis ehf. frá 20. apríl 2018 hvað þetta varðaði var í bréfi til Seðlabanka Íslands óskað eftir upplýsingum um hvort greiðsla sem Klakki ehf. greiddi til Glitnis ehf. í marsmánuði 2016 hefði fallið undir undanþáguna sem Glitnir ehf. vísar til í fyrrnefndu bréfi. Ekki hefur borist svar frá Seðlabankanum

Í nefndum bréfum frá Ríkisendurskoðun frá því í október og desember 2017 var ennfremur spurst fyrir um eftirfarandi:

2. Með vísan til auglýsingar á upplýsingavef félagsins frá 6. september 2016, þar sem auglýstar eru til sölu kröfur og hlutafé í Klakka ehf., er óskað eftir upplýsingum um framkvæmd og verklag við söluna, þ.m.t. mat á virði hins selda, um aðila, sem gerðu tilboð, og hvaða tilboði var tekið.

Svar slitabúsins: Eins og fram kom á heimasíðu Glitnis, þá var óskað eftir tilboðum og áttu áhugasamir að skila inn tilboðum til Glitnis fyrir tiltekinn tíma. Samtals bárust fjögur tilboð og var hæsta tilboði tekið. Eftirtaldir aðilar sendu inn tilboð;

- GAMMA EXNIA kt. 560213-9980, tilboðsfjárhæð kr. 555.393.000, með fyrirvara um fjármögnun.
- Frigus ehf., kt 700908-0620, tilboðsfjárhæð kr. 525.000.000
- Brimgarðar ehf. kt. 591103-2610, tilboðsfjárhæð kr. 575.000.000
- BLM fjárfestingar ehf. og Burlington Loan Management DAC; tilboðsfjárhæð kr. 650.000.000 (þar af greitt í USD jafnvirði kr. 300.000.000)

Tilboð frá Frigus, Brimgörðum og BLM voru gerð miðað við stöðu eignanna á tilboðsdegi og ef til kæmu greiðslur frá Klakka til Glitnis frá þeim tíma til afhendingar eignanna myndu þær greiðslur dragast frá tilboðsverði.

3. Var haft samráð við stjórnendur Lindarhvols ehf. eða fulltrúa félagsins við sölu eigna Klakka ehf.?

Svar slitabúsins: Ekki var haft samráð við stjórnendur Lindarhvols ehf. og/eða fulltrúa félagsins, en gert var ráð fyrir að stjórnendur Lindarhvols væru meðvitaðir um hið opna sölufjerli.

Á stjórnarfundum Lindarhvols ehf. þann 31. ágúst 2016 var bókað eftirfarandi vegna Klakka:

„Steinar Þór Guðgeirsson fór yfir stöðu Klakka ehf. og eins og ákveðið hefur verið af stjórn mun hluturinn í Klakka ehf. fara í almennt opið sölufjerli í ágúst/september nk., eða um leið og Glitnir ehf. hefur selt hlut sinn í Klakka ehf. en sá hlutur fellur að hluta undir fjársópsákvæði stöðugleikasamnings Glitnis ehf. og greiðsla hefur borist bæði frá Klakka ehf. og Glitni ehf. sbr. umræður.“

Hér að framan kom fram, að við framsal stöðugleikaeigna slitabúa Kaupþings ehf. og Glitnis ehf. nam eignarhluti þeirra í Klakka ehf. samtals 29,4%. Virði stöðugleikaframlags Kaupþings ehf. nam tæpum 1,6 ma.kr. en virðismat framlagseignar hjá Glitni ehf. núll og var hún flokkuð sem svonefnd fjársópseign.

Sala beggja eignarhlutanna fór fram á tímabilinu frá miðjum septembermánaði 2016 til miðs októbermánaðar 2016. Hlutur Glitnis ehf. var boðinn út 6. september 2016 með lokadag viku síðar. Lindarhvoll ehf. bauð út hlut Kaupþings ehf. 29. september 2016 með lokadag 14. október 2016.

Tilboðum frá BLM fjárfestingu ehf. var tekið í báðum útboðunum og nam söluverð 1.155 m.kr., frá því dragast greiðslur frá Klakka ehf. til ríkissjóðs fram að afhendingardegi að fjárhæð 253 m.kr. og nam því endanlegt söluverð 902 m.kr. Hlutur ríkissjóðs er 663 m.kr. í endanlegu söluverði.

Seðlabanki Íslands
Kalkofnsvegi 1
Reykjavík.

ge.gagnaskil@sedlabanki.is

Reykjavík, 6. febrúar 2017

Varðar: Upplýsingar um endurheimtur eigna

Í samræmi við kafla V, lið iii.d) í undanþégu Seðlabanka Íslands til Glitnis dags, 16. desember 2015 tilkynnist hér með um endurheimtur af eignum sem falla undir Retained Assets skv. Schedule 2 við samning milli Glitnis, GLB Holding ehf. og Sí, dags. 10. desember 2015.

Heildargreiðsla kr. 239.685.718 til ríkissjóðs þann 6. febrúar 2017:

1. Sala á kröfum á Klakka ehf. kt. 610601-2350.
 - Flokkur eignar: Lán og hlutafé
 - Fjárhæð greiðslu: Kr. 239.685.718
 - Mynt: ISK
 - Móttökureikningur: 0001-26-25895
 - Áætlaðar eftirstöðvar eignar: 0



Reykjavík 19., 155 Reykjavík S:4447000

Dagur/Línd : 03.02.2017 12:10:46

Starfsmaður: Gjalðgjafi 56

Aðgreiðsla : 11 - 56 Fjöldi færsla : 7

Viðskiptavittun

Inlegg

0001-26-025895 5402696459

Ríkissjóður Íslands

Kt. greiðanda : 4608131820

Upphæð : 423.225.264

Ríkisendurskoðun gerði verðmat á hlut stöðugleikaframlaganna í eignarhluta Klakka ehf. í Lykli hf. (áður Lýsinguhf.) og hafði árshlutareikning Lýsingar hf. um mitt ár 2016 til hliðsjónar. Samkvæmt niðurstöðu þess verðmats má áætla að heildarvirði beggja eignanna gæti hafa numið um 2,2 ma.kr. Miðað við áætlað verðmat að frádrögnum nettósöluverði myndi hagnaður BLM fjárfestingar ehf. nema um 1,3 ma.kr. Þá voru greiðslur sem fóru til kaupanda á tímabilinu febrúar 2017 til og með janúar 2018 um 532 m.kr. sem eru 60% af kaupverðinu.

Yfirlit yfir sölu stöðugleikaeigna Klakka ehf.

Yfirlit um sölu stöðugleikaeigna Klakka ehf.

Fjárhæðir í m.kr.	Kaupþing ehf.	Glitnir ehf.	Samtals
Eignarhluti	17,77%	11,66%	29,43%
Söluverð: Kaupandi BLM fjárfestingar ehf.	505	650	1.155
Greitt til ríkissjóðs fyrir eigendaskipti	-82	-171	-253
Endanlegt söluverð á hlut ríkissjóðs í Klakka ehf.	423	479	902
Hluttur ríkissjóðs í söluverði	423	240	663
Hluttur Glitnis í söluverði	0	239	239
Áætlaður eignarhluttur ríkissjóðs 30.06.2016	952	1.250	2.202
Endanlegt söluverð	-423	-479	-902
Áætlaður hagnaður BLM fjárfestinga ehf.	529	771	1.300
Kaupverð BLM ehf. á hlut ríkissjóðs í Klakka ehf.	423	479	902
Greiðslur frá Klakka ehf. til BLM ehf. til feb. 2018	-303	-229	-532
Kaupverð – endurgreiðslur frá Klakka ehf.	120	250	370

Þann 4. maí 2016 voru 210 m.kr. millifærðar frá Arion banka af bankareikningi Kaupþings ehf. til ríkissjóðs. Skýringin á greiðslukvittun Arion banka var „Klakki“. Við bókun greiðslu hjá Fjársýslu ríkisins var hún færð sem inngreiðsla á stöðugleikaframlagi Klakka ehf., framseldar eignir (skuldabréf). Í töflunni hér að framan er þessi greiðsla ekki meðtalin.



Viðtakandi

Nafn móttakanda	Ríkissjóður Íslands
Kennitala móttakanda	540269-6459
Reikningur móttakanda	0001-26-025895
Heimilisfang móttakanda	Vegmúla 3
Staður móttakanda	108 Reykjavík

Greiðandi

Greiðandi	Kaupþing ehf.
Reikningur greiðanda	0358-28-002500
Kennitala greiðanda	560882-0419
Greiðslubanki	Arion banki hf Fyrirtækjasvið

 Arion banki - Hreyfingar reiknings
 Prentað út þann 04. maí 2016 kl. 11:09

Upplýsingar um greiðslu

Upphæð	210.000.000 kr.
Bókunardagur	04-05-2016
Vaxtadagur	04-05-2016
Tilvísun	5402696459
Texti	Millifært
Bankanúmer	5041
Einkvæmt númer færslu	696155563
Skýring	Klakki
Greiðsla framkvæmd af	XKAUPTH1
Kvittanir	

Með tölvupósti 20. október 2017 til Fjársýslu ríkisins var óskað eftir því að stofnunin kannaði ástæðu greiðslunnar og legði fram fylgiskjöl sem staðfestu að nefnd fjárhæð tilheyrði stöðugleikaframlagi vegna Klakka ehf. Með tölvupósti þann 16. nóvember 2017 svaraði Fjársýsla ríkisins eftirfarandi:

„Bæði í fylgiskjalinu með 210 millj. kr. innborguninni 4. maí 2016 og tölvupóstinum sem skjalið kom með er skýrt að þessi innborgun frá Kaupþingi er vegna Klakka; sjá hér á eftir:“

Tölvupóstur frá Kaupþingi, dags 4. maí 2016.

„Meðfylgjandi er kvittun v/greiðslu frá Kaupþingi til Ríkissjóðs v/Klakka.

Þar sem eina bókfærða staðan frá Kaupþingi vegna Klakka var K34 kom ekki annað til greina en að færa innborgunina þar. Í framhaldi af fyrirspurn þinni var spurst fyrir um þessa innborgun. Svarið var skýrt: þessi innborgun tengist viðskiptum Kaupþings og Klakka.“

Upplýsingar þær sem vísað er til hér að framan staðfesta ekki að mati Ríkisendurskoðunar að greiðslan tilheyrir skilum Klakka ehf. er varðar hina framseldu stöðugleikaeign. Þá staðfestir fyrirspurn sem Ríkisendurskoðun gerði til Klakka ehf. að títtnefnd greiðsla sé ekki hluti af skilum félagsins á stöðugleikaeigninni. Ástæða þessarar fyrirspurnar af hálfu Ríkisendurskoðunar er að við skoðun á greiðslum sem greiddar voru vegna stöðugleikaeigna í tengslum við Klakka ehf. dreifast þær til 175 aðila með tveim aukastöfum og í tilviki ríkissjóðs 17,77%. Fjárhæðir sem komið hafa til úthlutunar á því tímabili sem er til skoðunar voru allar niður á krónur. Greiðslan var aftur á móti sléttar 210 m.kr. Þá er ekki úr vegi að nefna í þessu sambandi að í ársreikningi Kaupþings ehf. fyrir árið 2016 er gerð grein fyrir því, að greiddar hafi verið alls 9,810 m.kr. vegna annarra þátta en framselseigna slitabúanna beint til ríkissjóðs. Til samanburðar hafa verið bókfærðar sem greiðslur frá Kaupþingi 9,600 m.kr. í bókhaldi

ríkisins eða 210 milljónum kr. lægri fjárhæð en kemur fram í ársreikningum. Ekki hefur fengist fullnægjandi skýring ennþá á tilefni 210 m.kr. greiðslunnar.

- [Sala skráðra hlutabréfa](#)

Við yfirtöku Lindarhvols ehf. á stöðugleikaeignum slitabúa voru m.a. hlutabréf í fjórum eftirtöldum félögum sem skráð voru í Kauphöll Íslands hf.

- Reitir fasteignafélag hf.
- Sjóvá – Almennar tryggingar hf.
- Eimskipafélag Íslands hf.
- Síminn hf.

Á 2. stjórnarfundum Lindarhvols ehf. sem haldinn var 4. maí 2016 var fjallað um væntanlega sölu á skráðum hlutabréfum í umsjón Lindarhvols ehf. og ákvað stjórn félagsins eftirfarandi:

„Skráð hlutabréf skulu falin aðila sem mun eiga hagstæðasta tilboð í sölu þeirra í Kauphöll og þau þar síðan seld hæstbjóðanda fyrir 16. maí 2016“.

Á fundi stjórnar Lindarhvols ehf. 8. júní 2016 var samþykkt að óska eftir við Ríkiskaup að leita eftir tilboðum markaðsaðila til að annast sölu skráðra hlutabréfa í ofangreindum hlutafélögum.

Á fundi stjórnar Lindarhvols ehf. þann 30. júní 2016 var m.a. til umfjöllunar og ákvörðunar hvaða tilboði skyldi taka af þeim, sem borist höfðu Ríkiskaupum í framhaldi af auglýsingu stofnunarinnar. Tilboðin sem bárust voru frá eftirfarandi félögum:

- Artica Finance hf.
- Íslandsbanki hf.
- Kvika banki hf.
- Landsbankinn hf.
- Virðing hf.

Eftir yfirferð stjórnar var ákveðið að ganga til samninga við Landsbanka Íslands þar sem hann var að mati stjórnar Lindarhvols ehf. með hagkvæmasta tilboðið í sölu á hlutabréfum í skráðum félögum sem voru í umsjón félagsins. Samningur við Landsbanka Íslands var síðan undirritaður 18. júlí 2016.

Í minnisblaði Markaðsviðskipta Landsbanka Íslands, dags. 3. ágúst 2016, til stjórnar Lindarhvols ehf. er eftirfarandi lagt til af hálfu Markaðsviðskipta vegna sölu á skráðum hlutabréfum:

„Landsbankinn horfir til þess að sölunni sé skipt í tvo hluta, annars vegar eru það tiltölulega litlar sölu, Eimskip nv. 1.420.300.- og Síminn nv. 85.695.163.- Einfaldast og hagkvæmast er að selja það á markaði með því að setja inn tilboð í Kauphöll í nánara samkomulagi við fulltrúa Lindarhvols varðandi verð. Leggjum við til að farið verði í sölu á þessum hlutum strax í kjölfar uppgjors félaganna en þau áætla bæði að birta uppgjör

þann 25. ágúst. (2016). Á þann hátt er komið í veg fyrir allt tal um mögulega hagsmunaárekstra.

Hins vegar eru það stærri sölur á bréfum í Sjóvá nv. 217.655.980 og Reitum nv. 47.222.796.- Þarna er um að ræða mun stærri sölur og viðkvæmari enda um að ræða stóra hluti í viðkomandi félögum. Í þessum tilvikum er lagt til að Landsbankinn vinni að sölunni með því að ræða við mögulega kaupendur sem eru þá stærri fjárfestar á markaði til að kanna grundvöll sölunnar. Slíkt verður gert með óformlegum hætti en bankinn er í góðu sambandi við helstu fjárfesta á markaði. Í kjölfar þess og út frá mati á eftirspurn verði nánar ákveðið varðandi tímasetningar. Gera má ráð fyrir að slíkt geti orðið í september. Þegar tímasetning hefur verið ákveðin verði auglýst útboð fyrir fagfjárfesta og það fari fram á allt að tveimur dögum eftir auglýsingu. Með þessum hætti verður salan gagnsæ, hlutlæg og jafnræðis gætt. Á það sama við um sölu á minni hlutunum sem fram fer á markaði þar sem allir geta keypt þau bréf sem boðin verða til sölu.“

Á 7. stjórnarfundum Lindarhvals ehf. 4. ágúst 2016 var eftirfarandi bókað varðandi fyrirhugaða sölu á skráðum hlutabréfum í umsýslu félagsins:

„Farið var yfir fyrirbyggjandi minnisblað Landsbankans hf. varðandi ráðgjöf þeirra um sölu skráðra hlutabréfaeigna í umsýslu Lindarhvals ehf. Með vísan til samnings Lindarhvals ehf. við Landsbankann hf., minnisblaðs Landsbankans og viðræðna við Landsbankann hf., var samþykkt að fela Landsbankanum að selja á markaði til hæstbjóðanda eftirfarandi skráð hlutabréf í samræmi við ráðleggingar Landsbankans hf. og stefnt skuli að því að klára sölu fyrir lok ágúst 2016 miðað við neðangreindar forsendur.

Eimskip hf., hámarka verðmætin með því að selja eins hátt og mögulegt er innan hvers dags en þó eigi lægra en lágmarksgengi dagsins í dag, 268.

Síminn hf., hámarka verðmætin með því að selja eins hátt og mögulegt er innan hvers dags en þó eigi lægra en lágmarksgengi dagsins í dag, 312.

Einnig var samþykkt af stjórn Lindarhvals ehf. að fallast á tillögu Landsbankans varðandi það að auglýst verði útboð á sölu á eftirfarandi bréfum í umsýslu Lindarhvals ehf. eigi síðar en í byrjun september 2016:

- Reitir hf.
- Sjóvá hf.“

Sá meginmunur var á fyrirkomulagi væntanlegrar hlutabréfasölu, að hlutabréfin í Eimskipafélagi Íslands hf. og Símanum hf. átti að selja á markaði með því að kaupendur sendu inn tilboð í Kauphöll Íslands hf. Hlutabréfin í Reitum fasteignafélagi hf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. átti hins vegar að selja þannig, að auglýst yrði útboð fyrir fagfjárfesta.

Í lögum nr. 108/2007 lög um verðbréfavíðskipti, segir svo í 44. grein.

44. gr. Skilyrði almenns útboðs og töku verðbréfa til víðskipta.

- Almennt útboð verðbréfa er háð því að lýsing hafi verið gefin út í samræmi við ákvæði laga þessara.
- Taka verðbréfa til víðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði er háð útgáfu lýsingar í samræmi við ákvæði laga þessara.

Til að unnt væri að selja hlutabréfin í Reitum fasteignafélagi hf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. með þeim hætti sem Lindarhvoll ehf. hafði ákveðið þurfti að skrifa útboðslýsingu fyrir hvort félag fyrir sig. Hins vegar var unnt að nýta heimild í c-lið 1. tl. 1. málsg. 50. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti til að komast hjá gerð útboðslýsingar. Heimildin fjallar um undanþágu frá ákvæðum 44. gr. laga um verðbréfavíðskipti en þar segir: „Hver fjárfestir reiðir af hendi a.m.k. 100.000 evrur til kaupa á verðbréfunum í hverju útboði“. Í Reitum fasteignafélagi hf. var lágmarksfjöldi hluta í útboðinu ákveðinn 200.000 hlutir sem jafngiltu 16.660 þús. kr. eða rúmlega 100.000 EUR. Lágmarksfjöldi hluta í útboði Sjóvá-Almennar tryggingar hf. var ákveðinn 1.250.000 hlutir sem voru 16.062 þús. kr. eða rúmlega 125.000 EUR.

Virði við yfirtöku Lindarhvols ehf. á hlutabréfum í þeim fjórum hlutafélögum sem voru skráð á markaði námu 5,9 ma.kr. Söluandvirði þeirra nam 7,4 ma.kr. og til viðbótar var greiddur arður á þeim tíma sem ríkissjóður átti þau, tæpar 79 m.kr. Þannig námu heildargreiðslur til ríkissjóðs 7,5 ma.kr. eða tæpum 1,6 ma.kr. hærrí fjárhæð en yfirtökuverðmæti stöðugleikaeigna frá slitabúum.

Andvirði sölu hlutabréfa skráðra félaga í samanburði við virði móttækinnar stöðugleikaeigna slitabúa.

Hlutafélag (Fjárh. m.kr.)	Stöðugleika- eign	Sala	Arðgreiðslur	Samtals	Hagnaður
Reitir fasteignir hf.	2.995,0	3.932,5	66,2	3.998,7	1.003,7
Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	2.307,0	2.809,1	0,0	2.809,1	502,1
Síminn hf.	298,0	268,7	5,1	273,8	-24,2
Eimskipafélag Íslands	319,0	380,5	7,4	387,9	68,9
Samtals	5.919,0	7.390,8	78,7	7.469,5	1.550,5

Í janúarmánuði 2018 birti Creditinfo yfirlit yfir „Framúrskarandi fyrirtæki 2017“, alls var lagt mat á 869 fyrirtæki og þeim skipt í stærðarflokka. Ofangreind fyrirtæki voru í flokki framúrskarandi stórra fyrirtækja en í þeim flokki voru alls 220 fyrirtæki. Reitir fasteignir hf. var metið sem nr. 22 af framúrskarandi, stórum fyrirtækjum á árinu 2017, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. nr. 18, Síminn hf. nr. 17, Eimskipafélag Íslands hf. nr. 19. Eigið fé þessara fyrirtækja nam 127 ma.kr. í árslok 2017.

Reitir fasteignafélag hf.

Föstudaginn 19. ágúst 2016 tilkynnti Landsbankinn á heimasíðu sinni að Lindarhvoll ehf., f.h. ríkissjóðs Íslands, byði til sölu allan eignarhluta ríkissjóðs í Reitum fasteignafélagi hf.

Í tilkynningu Landsbankans hf. kemur m.a. fram:

„Markaðsviðskipti Landsbankans hf. hafa umsjón með sölu hlutanna samkvæmt samningi við Lindarhvol ehf. Salan mun fara fram í útboði sem er undanþegið útgáfu lýsingar í samræmi við heimild í c-lið 1. töluliðar, 1. málsgreinar 50. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Tilboðum skal skila á stöðluðu tilboðsformi sem fjárfestar geta nálgast á heimasíðu Landsbankans. Fjárfestar geta skilað inn fleiru en einu tilboði. Lágmark hvers tilboðs er 200.000 hlutir í Reitum en hver hlutur í Reitum fasteignafélagi hf. er 1 kr. að nafnverði. Lágmarksgengi í útboðinu er 83,30 kr. á hlut.“

Útboðið verður með hollensku fyrirkomulagi sem felur í sér að öll samþykkt tilboð bjóðast tilboðsgjöfum á sama gengi, þar sem lægsta samþykkt gengi ræður sölugenginu.

Tilboðsfrestur rennur út klukkan 08:30 mánudaginn 22. ágúst 2016. Tilkynnt verður um niðurstöðu útboðsins á vefsíðu Landsbankans, að útboði loknu og eigi síðar en klukkan 09:30 mánudaginn 22. ágúst 2016.“

Í útboðsskilmálum fyrir sölu hlutabréfanna kemur fram í 2. tl.:

„Seljandi áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast en hefur jafnframt heimild til að hafna einstökum eða öllum tilboðum. Gildir það um tilboðin í heild eða að hluta og án tillits til þess hvort þau eru jöfn lágmarksgengi útboðsins eða á hærra gengi. Afstaða til tilboðanna þarf ekki að byggja á sérstökum rökstuðningi. Seljandi kann að samþykkja fleiri en eitt tilboð frá hverjum tilboðsgjafa. Öll samþykkt tilboð bjóðast tilboðsgjöfum á sama gengi þar sem lægsta samþykkt gengi ræður sölugenginu en útboðið verður þannig hollenskt útboð (e. single price). Samþykkt tilboð sem berast á hærra gengi en sölugengi fá fulla úthlutun á sölugengi. Samþykkt tilboð sem berast á sama gengi og sölugengi kunna að verða skert sem nemur umfræftirspurn í útboðinu, en þó aldrei niður fyrir lágmarksfjölda hluta í útboðinu. Lágmarksgengi í útboðinu er 83,30 kr. á hlut. Öllum tilboðum undir lágmarksgengi eða undir lágmarksfjölda hluta verður hafnað“.

Landsbankinn hf. sendi síðan samdægurs frá sér eftirfarandi fréttatilkynningu.

„Útboði á eignarhlut ríkissjóðs Íslands í Reitum fasteignafélagi hf. lauk klukkan 8:30 í dag, mánudaginn 22. ágúst 2016. Markaðsviðskipti Landsbankans höfðu umsjón með útboðinu.


Fjárfestar óskuðu eftir því að kaupa 73.010.000.- hluti í Reitum, eða sem nemur 9,9% af heildarhlutafé í Reitum.

Sölugengi í útboðinu var ákveðið 83,30 krónur á hlut. Heildarnafnverð samþykkt tilboða eftir skerðingu var 47.222.796 hlutir eða sem samsvarar 6,38% af heildarhlutafé Reita. Heildarsöluverðmæti samþykkt tilboða eftir skerðingu er því rúmlega 3,9 ma.kr. Að útboðinu loknu á ríkissjóður ekki eignarhlut í Reitum.

Öll samþykkt tilboð voru boðin fjárfestum á sama gengi, þar sem lægsta samþykkt gengi réð sölugenginu. Samþykkt tilboð sem bárust á sama gengi og sölugengi voru skert sem nam umframeftirspurn, en þó ekki niður fyrir 200.000 hluti að nafnverði sem var lágmarksfjöldi hluta sem hægt var að bjóða í útboðinu. Tilboðum sem bárust á lægra gengi en sölugengi var hafnað.

Viðskiptadagur útboðsins er 22. ágúst 2016 og greiðslu- og afhendingardagur vegna viðskiptanna er miðvikudagurinn 24. ágúst 2016.

Útboðið fór fram í samræmi við útboðsskilmála sem birtir voru á vefsíðu Landsbankans, þann 19. ágúst 2016.“



Ofangreind mynd sýnir þróun á gengi hlutabréfa í Reitum fasteignafélagi hf. yfir eitt ár. þ.e. frá 16. júní 2016 – 16. júní 2017. Lægst er gengið 11. ágúst 2016 eða 80,8 og hæst verður gengið þann 19. maí 2017 eða 109,0.

Dökka lárétta línan sýnir reiknað meðalgengi hlutabréfanna frá útboðsdegi 19. ágúst 2016 til 16. júní 2017. Meðalgengið reynist vera 95,02.

Örin neðst til vinstri bendir á sölugengi hlutabréfanna sem var 83,30 fyrir hvern hlut í Reitum fasteignafélagi hf.

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Samkvæmt samningi Lindarhvals ehf. við Landsbankann hf., dags. 18. júlí 2016, um „ráðgjöf við sölumeðferð á skráðum hlutabréfum í eigu Lindarhvals ehf.“ var Landsbankanum hf. falið að selja öll hlutabréf Lindarhvals ehf. í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Samtals var um að ræða 217.655.980 hluti sem jafngiltu 13,93% af útgefnu hlutafé félagsins.

Á 7. stjórnarfundum Lindarhvals ehf. sem haldinn var 4. ágúst 2016 var fallist á tillögu Landsbankans hf. um að auglýst verði útboð á sölu hlutabréfanna í Reitum fasteignafélagi hf. og Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og fari útboðið fram eigi síðar en í byrjun september 2016.

Mánudaginn 26. ágúst 2016 sendi forstöðumaður Markaðsviðskipta Landsbankans tölvupóst til ráðgjafa Lindarhvals ehf., Steinars Þórs Guðgeirssonar hrl., c/o Lögmannstofan Íslög ehf.

„Sæll

Sem ráðgjafar teljum við rétt að breyta aðeins um taktík í ljósi aðstæðna. Það er ekkert óeðlilegt við það enda er þetta ferli alltaf lifandi og getur tekið breytingum. Ástæður eru nokkrar, m.a. kom félagið með uppgjör í gær og hefur lækkað nokkuð í kjölfarið – teljum við að það sé lítill kaupáhugi akkúrat núna og að vinna þurfi betur í markaðnum til að koma þetta stórum hlut út. Það er til mikils að vinna fyrir Lindarhvol að koma sem mestu út í einu þannig að það einfaldar að selja eftirstöðvar, ef einhverjar verða, á markaðnum án þess að hreyfa hann mikið. Það eru því hagsmunir félagsins að ná að selja sem mest í einu.

Við erum að vinna í lausn til að auka líkurnar á því að stór hluti seljist, hún krefst hins vegar aðeins lengri tíma í útfærslu.

Það er því okkar tillaga til þín og stjórnar félagsins að bíða með þetta í eina viku.“

Á fundi stjórnar Lindarhvals ehf., dags. 31. ágúst 2016, fóru fram umræður um sölufarli á Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og var ákveðið að bíða í tvær til þrjár vikur með að auglýsa hlutina til sölu í opnu sölufarli. Málið yrði skoðað nánar á milli funda og ákvörðun tekin um sölu þeirra þegar markaðsaðstæður hefðu batnað að mati stjórnar.

Þann 15. september 2016 sendi ráðgjafi stjórnar Lindarhvals ehf. eftirfarandi tölvupóst til Markaðsviðskipta Landsbankans hf.:

„Sælir, geturðu sent mér rökstuðning ykkar af hverju þið leggið til að bíða með sölufarlið á Sjóvá fram (til) föstudagsins eftir rúmlega viku eins og þú ræddir við mig áðan.“

Svar Markaðsviðskipta Landsbanka Íslands:

„Við höfum verið að kanna markaðinn varðandi að fara út með Sjóvá á morgun. Án þess að fara nákvæmlega út í stemmninguna þá hefur verið erfitt að ná í nokkuð af mögulegum kaupendum (t.d. eru nokkrir stjórnar hjá lífeyrissjóðum erlendis). Við teljum rétt að bíða og vinna jafnframt markvisst að því í þeirri næstu að fara út föstudaginn 23/9 nk.“

Þann 23. september 2016 tilkynnti Landsbankinn að Lindarhvoll ehf., f.h. SAT eignarhaldsfélags hf., sem er í eigu Ríkissjóðs Íslands, býði til sölu allan eignarhluta ríkissjóðs í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Um væri að ræða áður útgefna hluti í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. og næmi eignarhluturinn 13,93% alls hlutafjár í félaginu.

Í tilkynningu Landsbankans kemur m.a. fram að:

„Markaðsviðskipti Landsbankans hf. hafa umsjón með sölu hlutanna samkvæmt samningi við Lindarhvol ehf. Salan mun fara fram í útboði sem er undanþegið útgáfu lýsingar í samræmi við heimild í c-lið 1. töluliðar, 1. málsgreinar 50. greinar laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Tilboðum skal skila á stöðluðu tilboðsformi sem fjárfestar geta nálgast hér að neðan. Fjárfestar geta skilað inn fleiru en einu tilboði. Lágmark hvers tilboðs er 1.250.000 hlutir í Sjóvá en hver hlutur í Sjóvá er 1 kr. að nafnvirði. Lágmarksgengi í útboðinu eru 12,85 krónur á hlut.

Útboðið verður með hollensku fyrirkomulagi sem felur í sér að öll samþykkt tilboð bjóðast tilboðsgjöfum á sama gengi, þar sem lægsta samþykkt gengi ræður sölugenginu.

Tilboðsfrestur rennur út klukkan 08:30 mánudaginn 26. september 2016. Tilkynnt verður um niðurstöðu útboðsins á vefsíðu Landsbankans, að útboði loknu og eigi síðar en klukkan 09:30 mánudaginn 26. september 2016.

Í útboðsskilmálum fyrir sölu hlutabréfanna kemur fram í 2. tl.:

Seljandi áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð sem berast en hefur jafnframt heimild til að hafna einstökum eða öllum tilboðum. Gildir það um tilboðin í heild eða að hluta og án tillits til þess hvort þau eru jöfn lágmarksgengi útboðsins eða á hærra gengi. Afstaða til tilboðanna þarf ekki að byggja á sérstökum rökstuðningi. Seljandi kann að samþykkja fleiri en eitt tilboð frá hverjum tilboðsgjafa. Öll samþykkt tilboð bjóðast tilboðsgjöfum á sama gengi þar sem lægsta samþykkt gengi ræður sölugenginu en útboðið verður þannig hollenskt útboð (e. single price). Samþykkt tilboð sem berast á hærra gengi en sölugengi fá fulla úthlutun á sölugengi. Samþykkt tilboð sem berast á sama gengi og sölugengi kunna að verða skert sem nemur umframeftirspurn í útboðinu, en þó aldrei niður fyrir lágmarksfjölda hluta í útboðinu. Lágmarksgengi í útboðinu er 12,85 kr. á hlut. Öllum tilboðum undir lágmarksgengi eða undir lágmarksfjölda hluta verður hafnað“.

Mánudaginn 26. september 2016, kl. kl. 08:31 barst starfsmanni Lindarhvals ehf. tölvupóstur frá Markaðsviðskiptum Landsbankans, þar sem tilkynnt var að niðurstaða í útboði á hlutabréfunum í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. lægi fyrir og að hægt væri að selja öll hlutabréfin á genginu 12,91.

Eftirfarandi er fréttatilkynning Landsbanka Íslands 26. september 2016 um sölu hlutabréfa í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

„Útboði á eignarhlut ríkissjóðs Íslands í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. lauk klukkan 8:30 í dag, mánudaginn 26. september 2016. Markaðsviðskipti Landsbankans höfðu umsjón með útboðinu.


Fjárfestar óskuðu eftir því að kaupa 286.051.111 hluta í Sjóvá, eða sem nemur 18,3% af heildarhlutafé í Sjóvá.

Sölugengi í útboðinu var ákveðið 12,91 króna á hlut. Heildarnafnverð samþykktra tilboða, eftir skerðingu var 217.655.980 hlutir eða sem samsvarar 13,93% af heildarhlutafé Sjóvá. Heildarsöluverðmæti samþykktra tilboða eftir skerðingu er því rúmlega 2,8 ma.kr. Að útboðinu loknu á ríkissjóður ekki eignarhlut í Sjóvá.

Öll samþykkt tilboð voru boðin fjárfestum á sama gengi, þar sem lægsta samþykkt gengi réð sölugenginu. Samþykkt tilboð sem bárust á sama gengi og sölugengi voru skert sem nam umframeftirspurn, en þó ekki niður fyrir 1.250.000 hluti að nafnverði sem var lágmarksfjöldi hluta sem hægt var að bjóða í útboðinu. Tilboðum sem bárust á lægra gengi en sölugengi var hafnað.

Viðskiptadagur vegna útboðsins er 26. september 2016 og greiðslu- og afhendingardagur vegna viðskiptanna er miðvikudagurinn 28. september 2016.

Útboðið fór fram í samræmi við útboðsskilmála sem birtir voru á vef Landsbankans þann 23. september 2016.“



Ofangreind mynd sýnir lokagengi hlutabréfa í Sjóvá-Almennum tryggingum hf. yfir eitt ár, þ.e. tímabilið frá 25. júlí 2016 – 25. júlí 2017. Lægst er gengið 29. júlí 2016 eða 11,08 og hæst verður það 17. mars 2017 eða 19,30.

Dökka lárétta línan sýnir reiknað meðalgengi hlutabréfanna 16,61 frá útboðsdegi 26. september 2016 til 20. júlí 2017.

Örin neðst til vinstri bendir á sölugengi hlutabréfanna sem var 12,91 fyrir hvern hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Síminn hf.

Samkvæmt samningi Lindarhvols ehf. við Landsbankann hf., dags. 18. júlí 2016, um „ráðgjöf við sölumeðferð á skráðum hlutabréfum í eigu Lindarhvols ehf.“ var Landsbankanum hf. falið að selja öll hlutabréf í Símanum hf. sem voru í umsjá Lindarhvols ehf. Samtals voru þetta 85.695.163 hlutir sem jafngiltu 0,91% af útgefnu hlutafé Símans hf.

Þann 3. ágúst 2016 sendu Markaðsviðskipti Landsbankans hf. minnisblað til stjórnar Lindarhvols ehf., þar sem fjallað var um fyrirhugaða sölu á skráðum hlutabréfum í umsjá Lindarhvols ehf.

Í minnisblaðinu er m.a. lagt til að sölu hlutabréfanna sé skipt í tvo hluta.

„Annars vegar eru það tiltölulega litlar sögur, Eimskip nv. 1.420.300 og Síminn nv. 85.695.163 hlutir“.


„Landsbankinn horfir til þess að sölunni sé skipt í tvo hluta, annars vegar eru það tiltölulega litlar sögur, Eimskip nv. 1.420.300.- og Síminn 85.695.163.- Einfaldast og hagkvæmast er að selja það á markaði með því að setja inn tilboð í Kauphöll í nánara samkomulagi við fulltrúa Lindarhvols varðandi verð. Leggjum við til að farið verði í sölu á þessum hlutum strax í kjölfar uppgjörs félaganna en þau áætla bæði að birta uppgjör þann 25. ágúst. Á þann (hátt) er komið í veg fyrir allt tal um mögulega hagsmunaárekstra“.

Á 7. stjórnarfundum Lindarhvols ehf. sem haldinn var 4. ágúst 2016 var ákveðið að fela Landsbankanum að selja á markaði til hæstbjóðanda öll hlutabréf í Símanum hf. sem voru í umsjá Lindarhvols ehf. Stefnt skuli að því að ljúka sölunni fyrir lok ágúst 2016 miðað við eftirfarandi forsendur sem bókaðar voru í fundargerð:

„Farið var yfir fyrirbyggjandi minnisblað Landsbankans hf. varðandi ráðgjöf þeirra um sölu skráðra hlutabréfaeigna í umsýslu Lindarhvols ehf. Með vísan til samnings Lindarhvols ehf. við Landsbankann hf., minnisblaðs Landsbankans og viðræðna við Landsbankann hf. var samþykkt að fela Landsbankanum að selja á markaði til hæstbjóðanda eftirfarandi skráð hlutabréf í samræmi við ráðleggingar Landsbankans hf. og stefnt skuli að því að klára sölu fyrir lok ágúst 2016 miðað við neðangreindar forsendur:

„Síminn hf., hámarka verðmætin með því að selja eins hátt og mögulegt er innan hvers dags en þó eigi á lægra en lágmarksgengi dagsins í dag 3,12.“

Hlutabréf í Símanum hf. voru seld dagana 16. ágúst (sölugengi 3,14) og 17. ágúst 2016 (sölugengi 3,12) fyrir samtals 268.769 þús.kr.



Ofangreind mynd sýnir lokagengi hlutabréfa í Símanum hf. yfir eitt ár, þ.e. frá 27. maí 2016 – 26. maí 2017. Lægst er gengið 27. júní 2016 eða 2,91 og hæst verður það 26. maí 2017 eða 4,22.

Dökka lárétta línan sýnir reiknað meðalgengi hlutabréfanna 3,36 frá söluþegi 16. ágúst 2016 til 20. júlí 2017.

Örin neðst til vinstri bendir á sölugengi hlutabréfanna sem var 3,12 og 3,14 fyrir hvern hlut í Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

Eimskipafélag Íslands hf.

Samkvæmt samningi Lindarhvals ehf. við Landsbankann hf. dags. 18. júlí 2016 um „ráðgjöf við sölumeðferð á skráðum hlutabréfum í eigu Lindarhvals ehf.“ var Landsbankanum hf. falið að selja öll hlutabréf í Eimskipafélagi Íslands hf. sem voru í umsjá Lindarhvals ehf. Samtals voru þetta 1.420.300 hlutir sem jafngiltu 0,71% af útgefnu hlutafé Eimskipafélagi Íslands hf.

Þann 3. ágúst 2016 sendu Markaðsviðskipti Landsbankans hf. minnisblað til stjórnar Lindarhvals ehf., þar sem fjallað var um fyrirhugaða sölu á skráðum hlutabréfum í umsjá Lindarhvals ehf.

Í minnisblaðinu er m.a lagt til að sölu hlutabréfanna sé skipt í tvo hluta.

„Annars vegar eru það tiltölulega litlar sögur, Eimskip nv. 1.420.300 og Síminn nv. 85.695.163 hlutir“.

„Landsbankinn horfir til þess að sölunni sé skipt í tvo hluta, annars vegar eru það tiltölulega litlar sögur, Eimskip nv. 1.420.300.- og Síminn 85.695.163.- Einfaldast og hagkvæmast er að selja það á markaði með því að setja inn tilboð í Kauphöll í nánara samkomulagi við fulltrúa Lindarhvals varðandi verð. Leggjum við til að farið verði í sölu á þessum hlutum strax í kjölfar uppgjörs félaganna en þau áætla bæði að birta uppgjör þann 25. ágúst. Á þann (hátt) er komið í veg fyrir allt tal um mögulega hagsmunaárekstra“.


Á 7. stjórnarfundu Lindarhvals ehf. sem haldinn var daginn eftir eða 4. ágúst 2016 var eftirfarandi bókað varðandi fyrirhugaða sölu á skráðum hlutabréfum í Eimskipafélagi Íslands hf.:

„Farið var yfir fyrirliggjandi minnisblað Landsbankans hf. varðandi ráðgjöf þeirra um sölu skráðra hlutabréfaeigna í umsjá Lindarhvals ehf. Með vísan til samnings Lindarhvals ehf. við Landsbankann hf., minnisblaðs Landsbankans og viðræðna við Landsbankann hf. var samþykkt að fela Landsbankanum að selja á markaði til hæstbjóðanda eftirfarandi skráð hlutabréf í samræmi við ráðleggingar Landsbankans hf. og stefnt skuli að því að klára sölu fyrir lok ágúst 2016 miðað við neðangreindar forsendur:

Eimskip hf., hámarka verðmætin með því að selja eins hátt og mögulegt er innan hvers dags en þó eigi á lægra en lágmarksgengi dagsins í dag 268.“

Meginhluti hlutabréfanna í Eimskipafélagi Íslands hf. var hins vegar seldur 5. ágúst og eftirstöðvar hlutabréfanna síðan seldar 10. ágúst 2016. Söluverð hlutabréfanna nam samtals 380.640 þús. kr. Öll hlutabréfin voru seld á áður ákveðnu lágmarksverði, 268,0.

Í fyrrnefndu minnisblaði Markaðsviðskipta Landsbankans hf., dags. 3. ágúst 2016, til stjórnar Lindarhvals ehf. er lagt til að hlutabréfin í Eimskip hf. fari í sölu strax í kjölfar birtingar á 6 mánaða uppgjöri Eimskips hf. Eimskip hf. var þá þegar búið að tilkynna á vef Kauphallar Íslands hf. að uppgjör félagsins yrði birt þann 25. ágúst 2016.



Myndin hér að ofan sýnir gengi á hlutabréfum Eimskips hf. tímabilið 26.05.2016 til og með 24.05.2017. Þá er reiknað út meðalgengi (dökk lárétt lína) yfir tímabilið 26.08.2016 (birtingardagur milliuppgjörs) til og með 24.05.2017. Meðalgengi yfir fyrrnefnt tímabil er 318,4 sem er 18,8% hærra en lágmarksverðið 268,0 sem hlutabréfin voru seld fyrir.

- Sala hlutabréfa í Vörukaupum ehf.

Á stjórnarfundum Lindarhvols ehf. 31. ágúst 2016 samþykkti stjórn Lindarhvols ehf. eftirfarandi vegna Vörukaupa ehf.

„Í samræmi við samþykkt verklag við sölu óskráðra hlutabréfa var ákveðið að auglýsa til sölu í opnu sölufarli allt hlutafé í Vörukaupum ehf.“

Hlutafé í Vörukaupum ehf. var auglýst til sölu á heimasíðu Lindarhvols ehf. 22. september 2016. Sölufarlið væri opið öllum áhugasömum aðilum að fullnægðum frekari skilyrðum og þurfi að skila inn skuldbindandi tilboðum með sérstaklega tilgreindum fyrirvörum fyrir kl. 16:00, föstudaginn 14. október 2016. Í auglýsingunni kom eftirfarandi fram:

„Þeim aðilum sem óska eftir frekari upplýsingum og fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru, er vinsamlegast bent á að senda tölvupóst á netfangið og munu þeir í framhaldinu fá senda stutta kynningu ásamt frekari upplýsingum um sölufarlið. Í kjölfarið og eftir skoðun Lindarhvols ehf. á fyrirliggjandi gögnum verða frekari sölugögn afhent til fjárfesta, sem boðið verður að taka þátt í sölufarlinu gegn undirritun þeirra á trúnaðaryfirlýsingu og skilmálabréf þar að lútandi.“

Á stjórnarfundum Lindarhvols ehf. 18. október 2016 kom fram að fjögur kauptilboð hefðu borist í Vörukaup ehf.:

Tilboðsgjafi	Fjárh. í m.kr. Tilboðsverð
Xyzeta ehf.	151,0
Sjávarsýn ehf.	101,0
EH2 ehf.	72,5
Jón E. Eyjólfsson, f.h. óstofnaðs félags	61,0

„Í samræmi við reglur félagsins um sölu eigna þá fór stjórn Lindarhvols ehf. ítarlega yfir hvert og eitt tilboð sem barst innan tilboðsfrests. Stjórn lagði mat á framlögð tilboð með hliðsjón af öllum þáttum þeirra og á grundvelli þeirra atriða sem reglur félagsins gera ráð fyrir við slíkt mat.“

Var það mat stjórnar Lindarhvols ehf. að hagkvæmasta tilboðið í sölufarlinu hefði verið frá Xyzeta ehf. Með vísan til þess og í samræmi við skilmála sölufarlisins og framangreindar reglur felur stjórn Lindarhvols ehf. Steinari Þór Guðgeirssyni hrl. að upplýsa Xyzeta ehf. um að gengið verði til samningaviðræðna við félagið um kaupin á grundvelli framlagðs skuldbindandi tilboðs þess en jafnframt var honum falið að tilkynna öðrum bjóðendum að þeir hefðu ekki átt hagkvæmasta tilboðið og því ekki gengið til samninga við þá.“

Á stjórnarfundum Lindarhvols ehf. 14. desember 2016 var til umfjöllunar sala félagsins á Vörukaupum ehf.

Í fundargerð fundarins var til umræðu „Minnisblað ódagsett frá endurskoðunarfyrtækinu Deloitte hf.“ um áreiðanleikakönnun með vísan til fyrirvara í tilboði Xyzeta ehf. frá 14. október 2016 en þar kemur m.a. fram:

„Tilboðsgjafi (Xyzeta ehf.) gerir þann fyrirvara að fram fari áreiðanleikakönnun á stöðu félagsins og að niðurstaða áreiðanleikakönnunar á félaginu sé í samræmi við veittar upplýsingar tilboðshafa til tilboðsgjafa, þ.m.t. en ekki eingöngu verðmæti/aldur/seljanleiki vörubirgða, stöðu viðskiptakrafna, stöðu skulda, upplýstar eignir, samninga við birgja og aðra samninga þannig að félagið sé í samræmi við frumskoðun tilboðsgjafa. Tilboðshafa er skylt að afhenda nauðsynleg gögn að mati tilboðsgjafa til þess að hægt sé að leggja rétt mat á stöðu félagsins.“

Í nefndu minnisblaði Deloitte kemur fram að Xyzeta ehf. hafi ráðið endurskoðunarfyrtækið til að framkvæma könnun á verðmæti viðskiptakrafna og vörubirgða félagsins Vörukaupa ehf. miðað við stöðu 31.10.2016 ásamt því að yfirfara skattskil félagsins vegna rekstraráranna 2011-2015.

Niðurstaða könnunar Deloitte er varðar viðskiptakröfur er að ein krafa að fjárhæð um 600 þús. kr. er í tapshættu og sennilega töpuð en aðrar kröfur myndu innheimtast. Mat Deloitte á virði vörubirgða er að heildarskekkja vegna þeirra nemi nettó 103 þús. kr. vanmetnar í uppgjöri í lok október 2016. Þá gerir endurskoðunarfyrtækið ekki athugasemd við tekjuskattsútreikninga Vörukaupa ehf.

Að lokum bendir Deloitte á að Vörukaup ehf. hafi ekki fært í reikningsskilum sínum varúðarniðurfærslu vegna vörubirgða. Í því sambandi benda stjórnendur félagsins á að heilt yfir séu vörubirgðir seljanlegar og ekki úreldar og telja sig þurfa að halda úti vörlager með miklu úrvali. Niðurstaða áreiðanleikakönnunar Deloitte á völdum liðum árshlutareiknings Vörukaupa ehf. 31. október 2016 er að færa mætti varúðarfærslu vegna vörubirgða og viðskiptakrafna að fjárhæð 28,8 m.kr.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við Minnisblað Deloitte vegna áreiðanleikakönnunar á völdum liðum árshlutareiknings Vörukaupa ehf. þann 31.10.2016 sem gagns stjórnar Lindarhvols ehf. við endurmat á söluverði félagsins. Minnisblaðið er ódagsett og ekki undirritað af starfsmanni endurskoðunarfyrtækisins. Þá kemur aðeins fram á fyrsta blaðinu af þrem nafnið Deloitte sem tilvísun til þess að verkið hafi verið unnið af því. Þá telur Ríkisendurskoðun að stjórn Lindarhvols ehf. hefði átt áður en hún byggði ákvörðun sína að lækka söluverðið að fá staðfestingu endurskoðunarfyrtækisins á tilurð minnisblaðsins og hver væri ábyrgður fyrir gerð þess.

Á stjórnarfundinum ákvað stjórn félagsins með vísan til Minnisblaðs frá Deloitte að lækka söluverð Vörukaupa ehf. um 20 m.kr. í 131 m.kr. Fyrir fundinum lá samþykki Landsbankans hf. fyrir fyrrnefndu kaupverði.

Þann 23. desember 2016 var undirritað „Fullnaðaruppgjör“ milli SCM ehf. sem seljanda og Xyzeta ehf. sem kaupanda á öllu hlutafé í Vörukaupum ehf. Af hálfu SCM ehf. móðurfélags Vörukaupa ehf. undirritaði Steinar Þór Guðgeirsson, stjórnarmaður í SCM ehf., uppgjörið. Steinar Þór Guðgeirsson var líka stjórnarmaður í Vörukaupum ehf. þar til 1. Janúar 2017.

Þann 31. janúar 2017 var gert samkomulag milli SMC ehf. og Landsbanka Íslands undirritað af hálfu SCM ehf. af Steinari Þór Guðgeirssyni, stjórnarmanni félagsins. Samkomulagið er vegna uppgjörs samkvæmt „rammasamningi um stofnun nýs félags, lánveitingu og kaup á rekstrartengdum eignum Vörukaupa ehf.“ sem Landsbankinn hf. og ALMC hf. gerðu með sér og undirrituðu 31. janúar 2012. Nefndur samningur felur m.a. í sér eftirfarandi:

„Kaupverð félagsins Vörukaupa ehf. var kr. 131.000.000 (eitt hundrað og þrjátíu milljón krónur) sem kaupandi hefur innt af hendi til SCM ehf. Samkvæmt ákvæði 4.2. í rammasamningnum skal kaupverðið skiptast þannig að SCM ehf. heldur 61,5% en 38,5% hluti kaupverðsins greiðist til Landsbankans hf. Skal SCM ehf. greiða hluta Landsbankans hf. inn á þann bankareikning sem tilgreindur er af Landsbankanum hf. við undirritun samkomulags þessa.“ Hlutur ríkissjóðs í sölu Vörukaupa ehf. verður 80,6 m.kr. sem greinist þannig:

	Fjárh. í m.kr.
Söluverð samþykkt samkvæmt tilboði	151,0
Áreiðanleikakönnun lækkun	-20,0
Fullnusta samnings við Landsbankann	-50,4
Hlutur ríkissjóðs	80,6

6. Endurskoðun ársreikninga Lindarhvals ehf. fyrir árin 2016 og 2017

Með bréfi Forseta Alþingis dags. 19. september 2016 sem fjallar um setningu ríkisendurskoðanda til þess að annast endurskoðun og eftirlit með framkvæmd samnings skv. 4. mgr. 1.gr. laga nr. 24/2016 um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands segir m.a. svo:

„Með vísan til 4. mgr. 13 gr. laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreiknings eruð þér hér með settur ríkisendurskoðandi til þess að annast endurskoðun reikninga félagsins og hafa eftirlit með starfsemi félagsins og framkvæmd ofangreinds samnings.“

Settur ríkisendurskoðandi hefur áritað ársreikninga fyrir Lindarhvol ehf. vegna áranna 2016 og 2017 án athugasemda.

Ársreikningar árin 2016 og 2017.

Rekstrarkostnaður Lindarhvals ehf. á árinu 2016 nam samtals 73,1 m.kr. og á árinu 2017 85,4 m.kr. eða alls 158,5 m.kr. Til júníloka 2018 hafa verið greidd gjöld að fjárhæð 12,9 m.kr. Þannig nema gjöld alls 171,4 m.kr. Fjármunir til að mæta öllum útgjöldum Lindarhvals ehf. voru uppibornir af söluandvirði stöðugleikaframlagseigna skv. 5. gr. samnings um fullnustu og sölu stöðugleikaframlagseigna milli fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf.

Þús. kr.	2016/2017	%	Júni 2018
a) Aðkeypt sérfræðipjónusta skv. verksamn. Íslög ehf. m.vsk.	90.028	57	8.869
b) Stjórnarlaun og tengd gjöld	30.729	19,0	1.502
c) Eftirlit með framkvæmd samnings án vsk.	20.636	13,0	896
d) Endurskoðun ársreiknings án vsk.	1.950	1,0	
e) Annað	15.201	10,0	1.635
Samtals	158.544		12.902

Í bréfi Lindarhvals ehf., dags. 23. nóvember 2017, til þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra, Benedikts Jóhannessonar, er athygli ráðherrans m.a. vakin á framvindu vinnu setts ríkisendurskoðanda við endurskoðun og eftirlit með starfsemi Lindarhvals ehf. Jafnframt er athygli hans beint að umfangi og kostnaði vegna þessa.

Fjármála- og efnahagsráðherra svaraði stjórn Lindarhvals ehf. með bréfi, dags. 29. nóvember 2017, með afriti til setts ríkisendurskoðanda. Í svari ráðherrans komu ekki fram neinar skoðanir eða athugasemdir af hans hálfu varðandi vinnu setts ríkisendurskoðanda við endurskoðun og eftirlit með starfsemi Lindarhvals ehf.

Það tímabil sem settur ríkisendurskoðandi ásamt sérfræðingi hafa unnið við eftirlit á framkvæmd samnings fjármála- og efnahagsráðherra og Lindarhvals ehf. var frá októbermánuði 2016 til júliloka 2018.

Settur ríkisendurskoðandi vann sem verktaki en sérfræðingurinn sem launamaður. Í upphafi verksins var samið við þáverandi ríkisendurskoðanda um þóknun til handa settum ríkisendurskoðanda. Þóknunin byggðist á rammasamningi Ríkiskaupa við fyrirtæki endurskoðenda. Tímagjaldið var 13% lægra en meðaltal 3ja endurskoðunarfyrirtækja í verðflokki B (Endurskoðendur ekki eigendur). Kjör sérfræðingsins voru þau sömu og hann hafði samið um við vinnu sína sem sérfræðingur við gerð skýrslu um „Fall sparisjóðanna“ á vegum Alþingis. Fjárhæðir í samningi setts ríkisendurskoðanda hafa ekki breyst en hjá sérfræðingnum hafa þær tekið almennum taxtabreytingum hjá opinberum starfsmönnum.

Eins og fram kemur í yfirlitinu hér að framan hefur aðeins verið greidd af Lindarhvoli ehf. til Ríkisendurskoðunar á árinu 2018 vegna eftirlits með framkvæmd samningsins tæp 1 m.kr. Settur ríkisendurskoðandi áætlar að heildarkostnaður við það eftirlit og áritun ársreikninga félagsins á því tímabili sem hann sá um framkvæmd þess viðfangsefnis muni nema um 36 m.kr. en af þeirri fjárhæð séu ógreiddar 12,5 m.kr. samkvæmt bókhaldsyfirliti Fjársýslunnar í lok júnímánaðar 2018. Hlutur setts ríkisendurskoðanda sem verktaka nemi um 60% af heildarkostnaðinum vegna endurskoðunar og eftirlits, sem tengjast verkefninu.

